



**Pórarinn Ævarsson:
LÍFIÐ EFTIR
IKEA**



**Holdarfar
sterkustu
konu Íslands
gagnrýnt**



**EFTIRSÓTT-
USTU PIP-
ARSVEINAR
LANDSINS**

21. JÚNÍ 2019 / 25. TBL 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

Í HELJARGREIPUM HÆLISLEITANDA



■ Kynlíf átti alltaf að vera í boði ■ Heimtaði sífelld meiri pening ■ „Hann á ekki að vera hérna“

Hatrömm baráttu Borghildar fyrir börnunum



■ Fékk morðhótanir ■ Lítur málið jákvæðum augum í dag

**Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM**



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

**BÖRN
SNUÐUÐ
AF ARION
BANKA**



Pú hitar húsbílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Pú færð Webasto húsbílahitarann hjá

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Webasto
Feel the Drive



Síðustu orðin

„Það er ekki hægt að kaupa lífið fyrir peninga.“

– Bob Marley, tónlistarmaður, 1945-1981

Á þessum degi, 21. júní



1900 – Kína lýsir yfir stríði gegn Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi og Japan.



1955 – Franski knattspyrnumaðurinn Michel Platini fæddist.



1982 – John Hinckley fundinn ósakhæfur eftir að hafa reynt að myrða Ronald Reagan.



2001 – Blúsarinn John Lee Hooker lést.



2009 – Grænland fékk sjálfstjórn.

Þórarinn blæs á kjaftasögurnar um samstarf við Simma

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



■ Langþráð frí eftir fjórtán ár hjá IKEA
■ Eitraður kokteill að fara í viðskipti með góðum vin

Að sjálfsgöðu sakna ég IKEA. Ég er hundrað prósent sáttur; þetta var rétt ákvörðun og gott að gera þetta á þessum tímamarki. En IKEA er eins og litla barnið mitt og ég sakna ekki aðeins vinnustaðarins heldur einnig allra starfsmanna,” segir athafnamaðurinn Þórarinn Evarsson. Það kom mörgum í opna skjöldu þegar Þórarinn hætti störfum sem framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi um miðjan apríl á þessu ári. Komu fréttirnar flutt upp á marga, enda hefur Þórarinn verið ótull talsmaður þess að bæta hag neytenda og lækka vöruverð.

Ekki blanda venskap og viðskiptum saman

Undanfarið hafa þær flökkusögur farið á kreik að Þórarins bíði nýtt viðskiptatækifæri og hann sagður vera með nýjan pítastað í pípunum ásamt Sigvari Vilhjálmssyni. Báðir hafa þeir gert það gott í veitingabransanum, Þórarinn hjá Domino's og IKEA, og Sigmar hjá Hamborgarafabrykkjunni og Shake & Pizza. Þessum sögum vísar Þórarinn algjörlega á bug.

„Ég get því miður ekki staðfest þetta því þetta eru afskaplega miklar nýjungar fyrir mér. Ég hef ekkert heyrt um þetta. Við Simmi erum gamlir vinir og þegar hann byrjaði með sjónvarpsþáttinn 70 mínútur og ég var rekstrarstjóri Domino's, var Domino's fyrsti styrktaraðili 70 mínútna. Simmi var ekki orðinn þekkt nafn þegar við kynntumst fyrst og við höfum þróað með okkur finan venskap,” segir Þórarinn og bætir við að það sé einmitt ástæðan fyrir því að hann ætli aldeilis ekki í viðskipti með Simma.

„Almennt séð er ekki sniðugt að blanda saman venskap og viðskiptum. Ég mæli ekki með því. Ég á því síður von á því að ég fari í viðskipti með Simma, þó hann sé klár og góður drengur. Þetta gæti orðið eittraður kokteill.“

Þegar blaðamaður ýtir á Þórarinn og spyr hvort það sé því helber lygi að hann og Simmi ætli sér landvinnina með nýjan pítastað stendur

„Þú mátt birta nektarmyndir af mér í DV ef ég er að ljúga“

ekki á svörnum.

„Þú mátt birta nektarmyndir af mér í DV ef ég er að ljúga,“ segir hann og hlær.

Útilokar ekki veitingarekstur

Þórarinn situr þó ekki auðum höndum þó asinn í IKEA sé víðs fjarri.

„Fjórtán ár er ofsalega finntími. Það er rosalega gott að hleypa nýju blóði að, alveg sama hvað manni gengur vel. Það er eitthvað sem stjórmmálamaður mega tileinka sér. Nú þarf ég að takast á við nýjar áskoranir og prófa eitthvað nýtt. Ég er í góðu fríi núna að sparsla vegg heima hjá mér og dunda mér við það. Það kemur svo í ljós með haustinu hvað ég tek mér fyrir hendur,“ segir Þórarinn og bætir við að það nýja hlutverk muni ekki koma neitt sérstaklega á óvart.

„Það er ekkert leyndarmál að það tvennt sem er mér efst í huga eru náttúruverndarmál, í breiðum skilningi, og hins vegar lágt verð. Hvað sem ég geri þá verður það annað hvort tengt náttúruvernd eða að bæta kjör almennings. Þar liggja mín áhugamál.“

Þórarinn er ekki þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum og hefur til að mynda gagnrýnt veitingahúsaeigendur og aðila ferðaþjónustunnar fyrir að okra á viðskiptavinum. Sú gagnrýni hefur farið öflugt ofan í marga en Þórarinn lætur það ekki á sig fá.

„Það hefur enginn hrakið



eina tölu sem ég hef lagt fram, því ég hef alltaf lagt töluleg gögn fram, hvort sem það hefur verið um verð á rúnstykki eða þegar bílaverð var ekki lækkað þrátt fyrir verðstyrkingu krónunnar. Það hefur enginn farið í málefnið, bara í manninn sem er týpískt íslenskt. Ég veit það jafnvel og þessir aðilar hvernig kaupin gerast á eyrinni. En ég hef ekki aðeins verið að gagnrýna heldur einnig hvetja menn til að hætta þessu kjaftæði með rosa há verð. Ef við lítum á veitingastað IKEA þá er þar lægra verð en sumsstaðar í Evrópu.

Samt er staðurinn rekin með finni afkomu. IKEA er ekkert einsdæmi – það er hægt að leika þennan leik. Það er ekkert ólíklegt að ég endurtaki þennan leik í því næsta sem ég geri, sama hvað það verður. Ég ítreka að ég er ekki með neitt fast í hendi en ég þekki svona viðskipti gríðarlega vel og ég býst við að feta þá braut.“

Fær engan afslátt í IKEA

Þórarinn segist ekki vera að hugsa um að flytja sig erlendis og stunda sín viðskipti þar því hann er „búinn með útlandaþakann“ eftir búsetu í Sviss sem ungur maður og fjögurra ára dvöl í Danmörku þar sem hann kom Domino's á lagginar. En er hann enn dyggur viðskiptavinur síns gamla vinnustaðar, IKEA?

„Ég fór nú bara síðast í IKEA í gær til að kaupa flutningskassa,“ segir hann og hlær en segist ekki hafa fengið neina sérmeðferð eða afsláttarkjör. „Nei, nú er ég ekki hluti af þakkanum lengur. En ef ég fer í stjórn, sem mér þykir ekki ólíklegt að gerist, þá fæ ég vonandi einhver betri kjör.“ ■



Sigmar Vilhjálmsson.

5 framandi dýr sem gaman væri að flytja til Íslands

Á miðvikudag komu til landsins mjaldra-systurnar Litla-hvítt og Litla-grá sem dýraverndunarsamtök hafa lengi barist fyrir að fá frelsi úr Chang Feng sæðýragarðinum í Kína. Eftir margra ára umræður var ákveðið að hvalirnir fengju að ferðast til Íslands og munu þeir dvelja á afgirtum gríðarstað í Klettsvík að aðlögun lokinni. Í Vestmannaeyjum munu systurnar tvær búa við aðstæður sem eru mun líkari þeirra náttúrulegu heimkynnum og ef vel gengur geta þær orðið allt að sextíu ára gamlar. DV velti því fyrir sér hvaða fimm framandi dýr gæti verið gaman að flytja inn til landsins.

Gíraffi

Gíraffar eru hæstir núlífandi spendýra og geta þeir náð allt að 5,5 metra hæð. Það liggur því í augum uppi að aukid skemmtanagildi yrði í fallturninum í húsdýragarðinum, fengi maður að klappa gíraffa á höfuðið í leiðinni.



Letilóður

Letilóður hafa stór augu og eru gjarnan talin vera sæt og krúttleg dýr. Hafa þær meðal annars verið eftirsóknarverð gæludýr en þrífast þó illa í haldi manna og láta lífið oft langt fyrir aldur fram. Við frekjurnar, mannfólkið, kærur okkur þó kollótt um þær upplýsingar og höldum áfram að stelast til þess að góma þessi dýr. Þau eru bara svo sæt!

Kameldýr

Kameldýr eru af úlfaldaætt. Þau hafa tvo hnúða á bakinu þar sem þau geyma birgðir af fitu sem þau geta breytt í næringu. Þau eru mjög öflug burðardýr og geta borið mikla þyngd langar vegalengdir. Þau gætu því nýst okkur Íslendingunum vel í Sérstaklega þegar við skellum okkur í Costco og kaupum okkur allt það sem okkur vantar ekki neitt.



Litrik fiðrildi

Fiðrildi eru vængjuð skordýr sem tilheyra ættbálki hreisturvængja. Á Íslandi ruglar fólk gjarnan saman mölfiðildum og fiðrildum vegna svipaðs útlits þeirra en þau skordýr sem lifa hér og við köllum gjarnan fiðrildi eru í rauninni af ætt mölflugna. Það segir sig því sjálft að hingað til lands ætti að flytja inn marglituð fiðrildi. Þessar mölflugur eru líka bara svo ljótar.

Ísbjörn

Einu sinni lofaði Jón Gnarr okkur Íslendingum ísbjörn í Húsdýragarðinum. En þá var hann líka í kosningarbaráttu með Besta flokknum og við vitum nú öll að stjórnmálamaenn eiga það gjarnan til að lofa upp í ermuna á sér svona korter í kosningar. Það loford gekk því álika vel og önnur loford sem aðrir ónefndir stjórnmálamaenn hafa átt til að slengja fram.






et EHF.

VERSLUN

**FRÁBÆRT ÚRVAL
DÍÓÐU (LED)
VÖRUBÍLA OG KERRU-
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is



Hver er hann?

■ Barði húðir með rokksvéitinni Gildrunni.

■ Uppalinn Mosfell-ingur

■ Sat í sveitarstjórn fyrir Vinstri græn.

■ Hefur gefið út tvær sólóplötur.

■ Nýlega illa bitinn af lúsmýi.



SVAR: KARL TÓMÁSSON

Það er staðreynd að...



Það er ekki hægt að kitla sjálfan sig.



Sniglar geta sofið í þrjú ár.



Á hverri mínútu myndast um 2000 þrumustormar á jörðinni.



90 prósent af íbúum jarðar búa norðan við miðbaug.



Ólympíugull er búið til úr silfri.

Foreldrar foxillir út í Arion banka

■ Vextir á reikningum barna lækkaðir ■ „Ég er brjáluð yfir þessu“

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dvi.is



Þetta er ekkert annað en skandall. Þetta eru framtíðarreikningar barnanna minna og þessi peningur er hugsaður til að létta þeim lífið þegar þau ná átján ára aldri. Mér finnst þetta algjör hneisa. Þetta segir þriggja barna faðir á fertugsaldri, sem vill ekki láta nafn síns getið, um bréfið sem börnun hans barst inn um lúguna í vikunni. Bréfið var frá Arion banka og börnunum tilkynnt að búið væri að lækka vexti á framtíðarreikningi þeirra úr 2,2 prósentum niður í 1,7 prósent. DV hefur talað við fjölda foreldra sem eiga börn sem fengu svipað bréf í vikunni og er þeim ekki skemmt. Einni tveggja barna móður í Garðabæ, sem vill einnig njóta nafnleyndar, finnst lágvæðilegt að bréfin hafi verið stíluð á börnin hennar, en annað barnanna er enn á leikskólaaldri. Hún íhugar alvarlega að hætta viðskiptum við bankann vegna málsins.

„Ég stofnaði þessa reikningi í góðri trú um að peningar sem börnin mín fá í alls kyns tækifærisgjafir myndu fá góða ávöxtun. Þetta bréf er til skammar. Ég vil að börnin mín fái gott veganesti inn í lífið þegar þau verða fjárráðir einstaklingar og ég er alvarlega að íhuga að loka reikningnum,“ segir móðirin en bætir við að hún hafi kynnt sér hvernig eigi að loka bundnum reikningi sem þessum og þá sé fjárhæðin sem er inni á reikningnum bundin út binditímamann, eða þar til barn nær átján ára aldri. „Ég býst samt við því að ég færi viðskipti mín annað.“

Börnin í landinu borga

Þá virðist bréfið hafa hleypt illu blóði í nokkra foreldra sem DV talaði við í ljósi fregna sem bárust snemma á árinu um að hagnaður Arion banka árið 2018 hafi numið tæpum 7,8 milljörðum króna.

„Ég er brjáluð yfir þessu,“ segir ein móðir barna með framtíðarreikningi í Arion banka. „Það hefur greinilega verið niðurstaða síðasta stjórnarfundar að börnin í landinu þyrftu að borga fyrir fall Wow Air og fleira í þeim dúr,“ bætir hún við og vísar í orð Höskuldar Ólafssonar, fyrrverandi bankastjóra Arion banka, um að „erfiðar aðstæður á hluta- og skuldabréfamörkuðum og ekki sist hræringar í flugrekstri settu mark sitt á starfseminna, bæði á fjórðungnum og á árinu í heild,“ eins og kom fram í fréttatilkynningu fyrr á árinu þegar ársreikningur Arion banka var birtur.



Bréfið samkvæmt lögum

Haraldur Guðni Eirsson, upplýsingafulltrúi Arion banka, segir þessa vaxtalækkun vera vegna vaxtalækkunar Seðlabanka Íslands og að hún sé alls ekki óeðlileg. Hann segir að ýmsar breytingar á vaxtakjörum hafi verið gerðar en bendir á að þrátt fyrir lækkun upp á 0,5 prósent á framtíðarreikningum fyrir ungt fólk að átján ára aldri séu vextir Arion banka á þeim reikningum hagstæðustu verðtrygðu vextirnir sem í boði eru fyrir ungt fólk. Litlu munar þó á milli bankanna þar sem vextir Íslandsbanka á framtíðarreikningum barna og ungmenna eru 1,6 prósent og í Landsbankanum 1,5 prósent.

Í skilmálum Arion banka kemur fram að vextir á reikningum í bankanum séu breytilegir á samningstímanum nema um annað sé samið. Segir Haraldur að ástæða þess að bréf hafi verið send, stíluð á börn með framtíðarreikningi í Arion banka, sé að samkvæmt lögum um greiðslumiðlun sé bankanum skylt að tilkynna viðskiptavinum ef vaxtabreytingar eiga sér stað. Hann segir margt spila inn í þegar vextir eru reiknaðir út.

„Arion banki skoðar þá vexti sem viðskiptavinum bjóðast með reglubundnum hætti og taka breytingar á innlána- og útlánvöxtum meðal annars mið af breytingum á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Þá taka þær einnig mið af opinberu álagi, eins og bankaskatti, fjármögnunarkostnaði bankans, samkeppni og breytingum á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og fleiri atriðum.“ ■



Hvað þýðir þetta í krónum?

Almennt er vaxtaárið 360 dagar en hér fyrir neðan má sjá hvað annars vegar 2,2 prósent vextir myndu skila af fimmtíu þúsund krónum á ársgrundvelli og hins vegar hverju 1,7 prósent vextir skila af sömu upphæð yfir sama tímabil.

50.000 kr. innlögð með 2,2% vöxtum: 1.100 kr.
50.000 kr. innlögð með 1,7% vöxtum: 850 kr.

Mismunur: 250 kr.

Ef fjárhæðin er hækkuð verulega upp, eða í 450.000 krónum, lítur dæmið svona út:

2,2% vextir: 9.900 kr.

1,7% vextir: 7.650 kr.

Mismunur: 2.250 kr.

Næsta mál, takk!



Svarthöfði

Bús í búðir er eitt langlífasta þrætuepli íslenskrar stjórnmalasögu. Sem er nokkuð merkilegt í ljósi þess að hjá flestum er þetta ekki hjartans mál. Íslendingar eru fyllibyttur að eðlisfari. Við höfum alltaf getað reddað okkur áfengi og drukkið ótæpilega af því.

Svarthöfði man vel þá tíma þegar allir voru fullir, alltaf. Sjómenn héngu aldrei þurrir nema kannski rétt í lok hvers túrs og voru þeir þá fljóttir að laga hallann þegar þeir komu í land. Bændur voru alltaf með brennivínspela í vasanum. Húsmæður drukku sérrí og létu barnungar barnapírur sjá um uppeldi barna sinna.

Kokkar voru annáluð drykkju-stétt, blaðamenn líka, svo ekki sé nú talað um blessaða þingmennina sem tóku misvitrar ákvarðanir í áfengissvima.

Hér á Íslandi var allt áfengi bannað um tíma og bjór ekki leyfður um áratuga skeið. Vertar þyrftu að kreista og kremja ráðherra og bæjarstjóra til þess að fá vinnveitingaleyfi. Miðað við þetta mætti halda að Ísland hefði verið fasistaríki eins og Saudi Arabía eða Norvegur en raunveruleikinn var allt annar. Íslendingar hafa alltaf getað reddað sér í glas. Hvort sem það er með löglegum leiðum eða öðrum. Sprútt og landsalar voru hér á hverju horni. Flestar leigubílastöðvarnar buðu upp á „góða bíla“. Svo voru það þeir framtakssömu

sem brugguðu í kjallaranum.

Bjórinn fagnaði nýlega þrjátíu ára afmæli sínu. Um hann var hart deilt á sínum tíma og þvert á flokka. Í seinni tíð hafa Sjálfstæðismenn eignað sér afnám bjórbannsins. Staðreyndin er þó sú að fjölmargir þingmenn flokksins börðust gegn bjórnum og löggjöfin var samþykkt á tíma vinstri stjórnar. Sjálfstæðismenn hafa líka reglulega talað um bús í búðir. En það er aðallega til að höfða til yngri kjósenda. Allir vita að ef þeim væri alvara væru þeir löngu búnir að koma þessu í gegn. Jafnvel á þeim tíma þegar þeir sátu í ríkisstjórn með Viðreisn og Bjartri Framtíð komst málið ekki í gegn.

Ástæðan er einföld: Ef þeir koma þessu í gegn, þá geta þeir ekki lengur barist fyrir þessu.

Hvaða hagsmuni hinn almenni Íslendingur hefur af því að hafa eða hafa ekki ríkiseinkun á áfengi er í besta falli óljóst. Það sem er morgunljóst er hins vegar að þessi umræða einkennist af sýndarmennsku á báða bóga og hefur alltof mikið vægi í þjóðfélagsumræðunni. Ef Svarthöfði væri einráður myndi hann einfaldlega leyfa þetta og áfengisauklýsingar í leiðinni. Eingöngu til þess að þetta mál væri úr sögunni og önnur og þarfari málefni kæmust á dagskrá. ■

„Það sem er morgunljóst er hins vegar að þessi umræða einkennist af sýndarmennsku á báða bóga og hefur alltof mikið vægi í þjóðfélagsumræðunni“

Hjá Smára Hólmi
PROLAN
PROTECTIVE LANOLIN

PROLAN STOPPAR RYÐ

KRÓMHREINSIR



WWW.PROLAN.IS

**KOMDU Í VEG FYRIR AÐ
ALLT RYÐGI OG FESTIST-
PROLAN LEYSIR MÁLIÐ**

FYRIR



EFTIR



Rauðhella 1
221 Hafnarfjörður
Sími 861 7237
smari.holm@gmail.com

PROLAN
PROTECTIVE LANOLIN



Sakaður um manndráp af gáleysi

Leikstjórinn John Landis er faðir Max Landis og er hvað þekktastur fyrir grínmyndirnar sem hann hefur leikstýrt, til að mynda The Blues Brothers, Trading Places, Coming to America og Beverly Hills Cop III. Á hápunkti ferilsins, á milli þess sem An American Werewolf in London og Trading Places voru frumsýndar, átti sér stað mikill harmleikur við tókur á kvikmyndinni The Twilight Zone árið 1982, sem John Landis leikstýrði í akkorði með Steven Spielberg, Joe Dante og George Miller.

Leikarinn Vic Morrow og barnungu leikararnir Myca Dinh Le, sjö ára, og Renee Shin-Yi Chen, sex ára, létu lífið þegar flugmaður missti stjórn á þyrlu á tókustað Twilight Zone. Þyrlan hrapaði og lenti á leikurinum. Orsök slyssins var rakin til þess að sprengjur hefðu verið sprengdar af nærri þyrlunni, sem flaug lágt, sem leiddi til þess að mylluvængir þyrlunnar ofhitnuðu og vængur í stéli klickaði svo eitthvað sé nefnt. Sökinni var skellt á flugmanninn og leikstjóran sem höfðu ekki átt í nægilega góðum samskiptum þegar atriðið var tekið upp.

Svo fór að John Landis var ákærður fyrir manndráp af gáleysi ásamt fjórum öðrum meðlimum tókuliðsins. Saksóknari í málinu reyndi að sýna fram á að Landis hefði verið kærulaus og ekki upplýst foreldra barnanna um að ungvíðið þyrfti að vera í návígi við sprengingar og þyrlur. Þá hafði hann ekki virt lögbundinn vinnutíma barna. Hann játaði að hafa brotið lög í Kaliforníu um vinnutíma barna en neitaði að hafa átt sök á slysinu. Landis, sem og hinir meðlimir tókuliðsins, voru loks sýknaðir af öllum ákærum. Hann var síðar áminntur fyrir að fara í kringum lög um vinnutíma barna. Foreldrar barnanna sem létust í slysinu fóru seinna í mál við kvikmyndaverið og fékk hvor fjölskylda um sig tvær milljónir dollara í skaðabætur.

DEEPER SETT Á ÍS Í SKUGGA ÁSAKANA UM KYNFERÐISOFBELDI

Baltasar Kormákur átti að leikstýra myndinni ■ Tökur áttu að fara fram á Íslandi

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Forsvarsmenn kvikmynda-versins MGM hafa dregið sig útúr því sem átti að vera nýjasta mynd leikstjórans Baltasars Kormáks. Myndin ber heitið Deeper og stóð til að stórleikarinn Idris Elba færi með burðarhlutverkið. Tökur áttu upphaflega að fara fram í sumar í nýju myndveri framleiðslufyrirtækis Baltasars, RVK Studios, í Gufunesi og á Faxaflóa.

Fréttamiðillinn Variety greinir meðal annars frá málinu en þar kemur fram að verkefnið hafi verið sett á ís í kjölfar ásakana á hendur Max Landis, handritshöfundar myndarinnar, um kynferðisofbeldi. Á vefnum The Daily Beast er greint ítarlega frá sögum átta kvenna sem hafa stigið fram og sakað Landis meðal annars um nauðgunartilraun, andlegt ofbeldi og morðhótanir.

Á meðal þeirra sem stigu fram er fyrrverandi kærasta Landis til tveggja ára, Julie að nafni, en í hennar frásögn kemur fram að höfundurinn hafi ítrekað farið yfir strikið. „Það var ekki fyrr en í dag, þegar ég skrifaði það niður, að ég áttaði mig á því að þessi maður nauðgaði mér,“ segir Julie og heldur áfram:

„Ég get fullvissað ykkur um það að hann hélt mér niðri og nauðg-

aði mér, sama hversu oft ég öskraði „nei“. Eitt skiptið kýlði ég hann í öxlina eftir á og sagði honum að nei þýddi nei, að þarna hafi nauðgun átt sér stað. Hann hélt að við værum að spila einhvern leik og að ég hefði gaman að þessu. Honum var skít-sama.“

Dró sig úr verkefninu fyrir hálfu ári
Baltasar Kormákur segist í samtali við DV hafa dregið sig úr þessu verkefni fyrir hálfu ári síðan. Það var ekki tilkynnt opinberlega og er Baltasar ennþá tengdur myndinni sem leikstjóri á kvikmyndasíðunni IMDb.

„Ég dró mig útúr þessu fyrir hálfu ári og hef ekki haft neitt að gera með þetta verkefni síðan þá. Ég þekki málið voðalega lítið. Ég dró mig bara út úr þessu,“ segir Baltasar. Upprunalega stóð til að tókur á myndinni hæfust í maí síðastliðnum en nú telur Baltasar litlar líkur á að myndin verði að veruleika þar sem kvikmyndaverið MGM sé búið að draga sig útúr verkefninu.

„Mér finnst það mjög ólíklegt. Þetta er sérstakt mál allt saman og erfitt að breyta handritinu þar sem um er að ræða upprunalegan handritshöfund,“ segir Baltasar. „Þetta er mjög dapurlegt mál,“ bætir hann við.

„Hættu! Þetta er mjög slæm hugmynd“

Í desember 2017 fóru margir að ásaka handritshöfundinn Max

Landis á Twitter um ósæmilega hegðun. Max hafði fram að þeim tíma verið afar virkur á samfélagsmiðlinum en í kjölfar þessara ásakana hefur hann haldið sig frá aðgangi sínum. Í febrúar á þessu ári birtist færsla á vefnum Medium frá nafnlausum notanda. Í færslunni segist notandinn vera kona sem varð fyrir kynferðislegri áreitni af hendi Landis. Konan segist vera gömul vinkona handritshöfundarins og rifjar upp ferðalag þeirra árið 2012. Tekur hún skýrt fram að þau voru vinir og stóð aldrei til að leggja í ferðalagið með rómantískan ásetning í huga. Ferðinni var heitið til Kaliforníu og þegar áfangastað var náð er Landis sagður hafa reynt að stunda kynmök við hana þegar bæði voru undir áhrifum áfengis og neitaði að stoppa þegar hann var beðinn um það.

„Ég áttaði mig á því að ég myndi aldrei vinna þennan slag,“ segir í færslu stúlkunnar. „Hann greip utan um mig og þrýsti mér á rúmið. Ég fann fyrir holdrisi hans og áður en ég vissi af var hann byrjaður að klæða mig úr bolnum. Hann reyndi ítrekað að kyssa mig á meðan ég reyndi að snúa mér í hina áttina. Ég bað hann um að hætta en hann hlustaði ekki.“

Þá segist stúlkun hafa sagt „Hættu! Þetta er mjög slæm hugmynd“ og bætti við að eina leiðin til að ná stjórn á aðstæðum var að þykjast hafa fallið í yfirlíð. Að hennar sögn fór Landis þá af henni, sofnaði við hlið hennar og knúsaði hana.

Einnig birti hún skjáskot af einkasamræðum þeirra þar sem atvikið var rætt í þáula. Landis blæs á möguleikann að um kynferðisbrot hafi verið að ræða og segir þau hafa verið „í glímu“ þegar atvikið átti sér stað. ■



Hver er Max Landis?

Max Landis, sem er sonur hins þekhta kvikmyndagerðarmanns John Landis, var um skeið einn eftirsóttasti handritshöfundurinn í Hollywood. Hann á að baki kvikmyndir á borð við Chronicle, American Ultra og Bright auk sjónvarpsþáttaraðarinnar Dirk Gently's Holistic Detective Agency. Landis var með ýmis konar verkefni í vinnslu sem stöðvuðust hvert á eftir öðru vegna stigvaxandi umtals um meint kynferðisbrot hans. Um tíma var Deeper eina kvikmyndin frá handritshöfundinum sem var í þróun og samkvæmt áætlun. ■



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
One
www.one.is


OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

Honeywell fyrir heimilið

Hitarar



Viftur



Rakataeki



Lofthreinsitæki



Láttu þér líða vel - Gott úrval af vönduðum tækjum

Honeywell




Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***



**34 fm. með 8 fm. svefnloft á kr. 2.750.000,-
Bjálkapykkt 70 mm.**



Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

MYND: EYÞÓR/DV



„Hann er þakk-
látur fyrir það að
ég barðist fyrir
strákunum“

„Ég gerði þetta því ég hafði ekki um annað að velja“

Borghildur Guðmundsdóttir barðist fyrir forræði yfir börnum sínum við bandarískan hermann og hafði betur - Fékk morðhótanir - Glímir við afleiðingarnar ævilangt

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Þetta hefur litað allt okkar líf og mun gera að eilífu. Ég og börnin mín vorum allt annað fólk fyrir þetta. Við erum í dag, að mér finnst, miklu betra fólk. Ég hefði ekki viljað sleppa þessari reynslu, þó hún hafi haft í för með sér gífurlegan andlegan kostnað,” segir Borghildur Guðmundsdóttir, ávallt kölluð Bogga. Bogga vakti athygli fjölmiðla hér heima og vestan hafs fyrir rúmum áratug þegar hatrómm forræðisdeila hennar við bandarískan barnsföður hófst. Í þrjú og hálf ár barðist Bogga fyrir sonum sínum tveimur, Brian og Andy, bæði fyrir dómstólum á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Örlögin leiddu þau saman

Bogga kynntist bandaríska hermanninum, Richard Colby Busching, sem í daglegu tali er kallaður Colby, árið 1998. Þau hittust fyrst á Íslandi, nánar tiltekið á skemmtistaðnum Dubliner í miðbæ Reykjavíkur. Í raun má segja að örlögin hafi leitt Boggu og Col-

by saman því Bogga ætlaði alls ekkert að fara inn á þennan bar þetta kalda kvöld í marsmánuði. Svo fór að Bogga rak inn nefið og var kynnt fyrir bandarískum vinum vinkonunnar. Í þessum vina-hópi var Colby. Bogga var alls ekki að leita að ástinni en fann hana algjörlega óvænt í örmum Colbys. Herinn kallaði en turtildúfurnar gátu ekki hugsað sér að vera aðskilin. Því gengu Bogga og Colby í það heilaga í september árið 1998 og stuttu síðar varð Bogga ólétt af eldri syni þeirra, Brian, sem verður tvítugur á þessu ári. Í kjölfarið fluttu þau til Bandaríkjanna, Þýskalands og svo aftur til Bandaríkjanna. Yngri sonur Boggu og Colbys, Andy, fæddist síðan í lok árs 2004.

Colby var sendur í herþjónustu til Íraks og varð aldrei samur eftir það. Hann kom til baka breyttur maður - uppstökkur, áhugalaus og skapstór. Ekki bætti úr skák að líf Boggu sem eiginkonu hermanns var ekki dans á rósum. Hún var að mestu ein með börnin, flutti oft á milli staða vegna vinnu Colby og náði því illa að festa rætur. Colby byrjaði einnig að sýna

Boggu hliðar á sér sem hún hafði aldrei séð áður. Hann eyddi umfram efni, laug að henni og var farinn að sýna af sér ofbeldishegðun. Kornid sem fyllti mælinn var þegar Bogga komst að því að Colby hafði búið sér til MySpace-síðu þar sem hann sagðist vera einhleypur og virtist vera kominn í einhvers konar samband við aðra konu. Hjónabandi þeirra Boggu og Colbys lauk loks árið 2007. Við skilnaðinn ákváðu þau í sameiningu að Bogga myndi hugsa um börnin. Því var það sem fylgdi á eftir eins og blaut tuska í andlitid.

Snemma árs 2008, þegar Bogga var nýlent í Bandaríkjunum eftir jólafrí á Íslandi og á leiðinni til að fá drengina sína í fangið eftir dvöl þeirra hjá ömmu sinni og afa yfir hátíðirnar, hringdi Colby í hana. Hann óð áfram að hennar sögn, sagðist ætla að hafa af henni allt - þar á meðal drengina. Í óðagoti, al-ein í landi þar sem hún hafði aldrei almennilega fest rætur, ákváð Bogga að fljúga með drengina sína til Íslands til að finna öruggt skjól. Í framhaldinu fór fram löng og ströng forræðisdeila, fyrst fyrir íslenskum dómstólum og síð-

an fyrir bandarískum, sem endaði með fullnaðarsigri Boggu árið 2011. Bogga leitaði heim til Íslands því hún átti möguleika á gjafsókn hér heima til að heyja þessa baráttu um forræðið. Íslenskir dómstólar dæmdu hana hins vegar til að snúa aftur til Bandaríkjanna, án dvalar- og atvinnuleysis. Þar átti hún að verja sitt mál. Með hjálp góðs fólks náði hún að safna nægum pening til að ráða bandarískan lögfræðing sem að lokum vann málið fyrir hana.

Áfallastreituröskun á háu stigi

Í dag hefur Bogga komið sér vel fyrir á Kársnesinu í Kópavogi. Auk Andy og Brian á hún son úr fyrra samband, hann Gumma, sem er uppkominn og býr í Finnlandi. Andy og Brian búa hjá henni og sambýlismanni hennar, Eyþóri Österby. Hann á sjálfur þrjú börn og saman hafa þau náð að skapa sér gott líf saman síðustu ár. DV fylgdist vel með forræðisdeilu Boggu á sínum tíma og var það undirritaður blaðamaður sem skrifaði einna mest um hana. Á þessum áratug sem liðinn er hefur Bogga lítið breyst á yfirborðinu.

Það er ansi stutt í húmorinn, hún er ákveðin, liggur ekki á skoðunum sínum en tekur jafnframt á móti blaðamanni með mikilli hlýju og kærleika. Það sem hefur breyst undir yfirborðinu er síðan önnur saga. Sú Bogga sem blaðamaður kynntist fyrir öllum þessum árum óð áfram, algjörlega einbeitt í sinni baráttu, og náði oft varla andanum. Bogga er í dag umlukin ró. En hún játar það fúslega að þessi barátta og allt sem henni fylgdi tók sinn toll.

„Ég er með áfallastreituröskun á frekar háu stigi, sem ég mun kljást við að eilífu. En ég hef lært að takast á við hana, og það vel. Ég hef farið á fullt af námskeiðum og talaði mikið við sálfræðinga. Brian þjáist af miklum kvíða sem hann gerði ekki áður. Hann þolir illa áreiti. Hvað varðar Andy þá hefur hann blessunarlega svolítið sloppið. Hann var lítið að þæla í því að það væri eitthvað athuga-vert í gangi. Svo lengi sem ég var nálægt þá var allt í góðu. Hann var svo ungur en Brian var á viðkvæmum aldri,” segir Bogga. Hún sjálf fær einnig regulega kvíðaköst ef eitthvað er ekki eins og það á ▶

LI-ION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tíslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

að vera. Hún vill hafa allt í röð og reglu í sínu lífi í dag. Hún vill ekki rugga bátum, af ótta við að stíga ofan á vitlausar tær sem gæti komið af stað álíka atburðarrás og hún gekk í gegnum fyrir áratug.

„Ég fæ oft að heyra að ég sé skeptísk,“ segir Bogga og brosir. „Ég hef óskaplega lítinn áhuga á að kynnast nýju fólki. Mér finnst það erfitt. Ég vil í raun ekki að neitt ruggi bátum sem ég er á í dag því þetta er algjör draumabátur. Svo eru það allar þessar tengingar í daglega lífinu sem geta komið mér úr jafnvægi. Það versta við áfallastreituröskun er að það er aldrei eitthvað eitt sem kemur út frá einstaka atburði eða hlut sem kemur mér úr jafnvægi. Ef ég til dæmis sé eitthvað varðandi Bandaríkjin þá sé ég Kentucky og þá sé ég Wedgewood Court og þá sé ég dómsmálið. Kvíðaköstin hafa meiri áhrif á líkamann en hugann. Ég er algjörlega skýr í kollinum á meðan á kastinu stendur en kroppurinn iðar allur og skelfur. En þetta er normið mitt í dag og mér gengur sjúklega vel að takast á við þetta. Það er búið að taka gríðarlega mikið á að læra á ástandið og hvað það þýðir og hvernig þetta virkar,“ segir Bogga og bætir við að hún hafi tekið margt jákvætt úr þessari reynslu, þó ótrúlegt megi virðast.

„Ég hugsa ennþá mikið um þetta, en ekkert endilega á neikvæðan hátt. Ég held að þetta sé flottur skóli. Ef við skoðum til dæmis heimili mitt núna að þá hendi ég engu. Þegar maður er búinn að missa allt þá tekur maður ástfóstri við allt. Heimili mitt er algjörlega heilagt. Ég hleyp ekki hverjum sem er hérna inn.“

„Það var ólíklegasta fólk sem hvarf“

Eins og áður segir var mikið fjallað um mál Boggu í fjölmiðlum, bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum. Margir vinir og ættingjar Boggu lögðu mikið á sig til að hjálpa henni á meðan aðrir létu sig hverfa. Maður veit hverjir vinir manns eru þegar að áfall dýnur yfir, eins og margir þekkja.

„Vinir hurfu. Ég spáði mikið í því og það gerði mig hrygga. Maður þarf að hafa haldreipi þegar maður lendir í svona og það skiptir máli að þú getir haldið í það. Það gerir svona lagað svo mikið erfðara þegar þú telur fyrir víst að það sé stöð þarna fyrir þig, þú ferð og teygir þig í hana og hún gufar upp. Það var ólíklegasta fólk sem hvarf og ólíklegasta fólk sem kom í staðinn. Þeim sem hurfu á þessum tíma hefur ekki verið boðið til baka. Það er meðvitund ákvörðun og ég er mjög sátt við hana í dag. Tími okkar allra er ótrúlega dýrmætur og það er dýrmætt að lenda í svona og sjá í hverja og hvað tíma manns er best eytt. Ég er fegin þessari reynslu fyrir þá þekkingu. Ég kynntist fleira fólki og margir voru jafngóðir og hinir sem hurfu, og flestir betri,“ segir Bogga.

Morðhótanir frá Íslandi og Bandaríkjunum

Þar sem mál hennar var svo áberandi á síðum blaðanna og á öldum ljósvakans lenti hún einnig í illu umtali.

„Fyrst um sinn fór það í taugarnar á mér að ókunnugt fólk væri að skrifa ljóta hluti um mig í athugasemdakerfunum. Og ég ákvað að svara þessu fólki. En síðan rann það upp fyrir mér að ég var bara sögupersóna í þeirra augum. Þau voru ekki raunverulega að tala um mig, heldur sögupersónuna. Þegar ég gerði mér grein fyrir því lét ég þetta sem vind



„Ein þeirra var frá manni sem ég þekkti sem sagði mér að passa mig og hafa augun í hnakkanum ef ég væri á gangi ein einhvers staðar. Það hræddi mig virkilega“

um eyru þjóta. Það sem særði mig hins vegar var þegar að fólk sem ég þekkti eða var skylt mér talaði illa um mig. Mér fannst orð þeirra fá byr undir báða vængi því þau þekktu mig. Þessu fólki svaraði ég í bókinni minni og það hefur allt beðið mig innilega afsökunar á hvernig það hagaði sér. Mér þykir vænt um það,“ segir Bogga. Illt umtal hennar nánustu var ekki það eina sem kom henni úr jafnvægi á þessum tíma. „Ég fékk morðhótanir, bæði frá Bandaríkjunum og Íslandi,“ segir Bogga grafalvarleg. „Ein þeirra var frá manni sem ég þekkti sem sagði mér að passa mig og hafa augun í hnakkanum ef ég væri á gangi ein einhvers staðar. Það hræddi mig virkilega.“

Lögfræðingurinn sofnaði og brotið stjórnkerfi

Þessi bók sem Bogga minnst á er bókinn Ég gefst aldrei upp, sem Bogga skrifaði á meðan hún stóð í málaferlunum og eftir að þeim var lokið. Bókin er í raun ítarleg lýsing á öllu því sem hún lenti í, auk þess sem hún veitir innsýn í líf hennar sem eiginkona hermanna og

hvernig hjónaband þeirra Colbys fór versnandi eftir að hann sneri aftur úr stríðinu í Írak. Bogga lítur á bókina sem kennslutól fyrir aðra í svipaðri stöðu og hún var í þá.

„Ég hef oft verið spurð: Hugsarðu einhvern tímann: Af hverju þú? Ég hef alveg þælt í því. Ef það er eitthvað planað í kosmósínu þá meikar það alveg sens að ég hafi gengið í gegnum þetta, því á endanum gat ég þetta. Mín saga og þessi bók hefur gert góða hluti fyrir þá sem hafa þurft á henni að halda. Trúðu mér, ég hefði frekar viljað skrifa bók um Denna dæmalausa, en mér líður eins og mér hafi verið gefið það hlutverk að vera tímabundinn kennari fyrir alla aðra sem þurfa að ganga í gegnum mál líkt og mitt. Þetta er ekki skemmtiefni, en alveg nauðsynlegt efni. Þetta er bók sem ég hefði viljað getað lesið á sínum tíma til að fá einhverja innsýn í hvað maður var að fara að takast á við í raun og veru. Svo ég hefði geta verið pínulítið undirbúin,“ segir Bogga.

Í fyrrnefndri bók er farið yfir þá litlu hjálp sem Bogga fékk í íslensku stjórnkerfi þegar hún leit-

aði sér upplýsinga, örvæntingarfull í baráttu fyrir drengjunum sínum tveimur. Þá segir hún að ýmsir vankantar hafi verið á meðferð málsins á Íslandi og telur að málaferlin hefðu getað tekið mun styttri tíma ef rétt hefði verið haldið á spilunum. Hún gagnrýnir einnig lögfræðing sinn, sem er afar þekktur á Íslandi og tíður gestur á síðum blaðanna sökum starfa og einkalífs, harkalega í bókinni og sakar hann um vanrækslu í starfi. Þannig lýsir hún einum fundi með honum þar sem hann sofnaði, hvernig hann hafði verið í persónulegu stríði við verjanda Colbys og að hann hafi mætt of seint í réttarsal. Hún lýsir einnig sláandi atburðum sem gerðust þegar lögfræðingurinn áfrýjaði úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur um að Bogga ætti að snúa aftur til Bandaríkjana með drengina innan sex vikna. Þegar Héraðsdómur staðfesti úrskurðinn brá lögfræðingurinn á það ráð að tilkynna Boggu það með sms-i:

„Hæstiréttur er búinn að staðfesta niðurstöðuna, sorri.“

Í kjölfarið reyndi Bogga í upp-

námi að hringja í lögfræðinginn en hann svaraði ekki síma. Þetta, sem og meðferð íslenskra dómsstóla á málinu, situr enn í Boggu.

„Mér finnst hafa verið tekið á málinu af ofboðslegri vanþekkingu hér á Íslandi. Ég upplifði að ég væri sek um glæp sem ég þurfti að afsanna. Það er ótrúlega erfitt að finna sig í þeim sporum þegar maður hefur aldrei verið uppi á móti neinu í réttarkerfinu og ávallt hagað sínu lífi á einfaldan, heimilislegan hátt. Þegar maður er ekki vanur að þurfa að kljást við neinar skuggahliðar eða grá svæði,“ segir Bogga. Eitt, sem var mikið deilumál, var farbann sem Colby fékk samþykkt á Boggu og drengina fyrir dómstólum í Bandaríkjunum, en það tók gildi daginn eftir að þau lentu á Íslandi. Annað deilumál var umboðið sem Bogga hafði frá barnsföður sínum til að taka allar ákvarðanir er varðandi þeirra hagi í hans fjarveru, svokallað General Power of Attorney. Þetta umboð hafði Bogga allt þeirra samband, enda Colby mikið í burtu vegna herskyldu og því þurfti hún oft að beita því.

„Íslenskir dómstólar vissu ekki hvað þeir voru með í höndunum þegar kom að pappírnum, sem komu að utan, hvort sem það var farbann eða General Power of Attorney. Það var bara álitamál dómara hvað pappírarnir þýddu. Og hann rangtúlkaði þá, sem er svo sorglegt því það hafði svo afdrifarið afleiðingar. Það er leikur einn að lesa sér til um hvað General Power of Attorney þýðir í Ameríku. Það þýðir allt. Ég hefði geta tekið þetta skjal og skráð Colby í herinn næstu fjórutíu árin þess vegna. Nú, tíu árum seinna, hélt ég að Colby þætti það í lagi að ég færi til Íslands með strákana? Nei. Það í sjálfu sér hefði geta ógilt General Power of Attorney því ég vissi hver hans vilji var. Það er alveg staðreynd. Aftur á móti lendir maður undantekningarlaust í því í lífinu að maður þarf að taka ákvarðanir sem eru ekki alveg samkvæmt bókinni. Það er bara þannig. Ég myndi aldrei gera neitt öðruvísi. Ég myndi gera þetta nákvæmlega svona upp á nýtt,“ segir Bogga.

Fann styrk í Snæfríði

Henni finnst miður að í gegnum þetta ferli hafi hún í raun misst trú á íslenskt stjórn- og dómskerfi.

„Ég fékk lögfræðing og talaði við ráðuneyti og trúði því sem var sagt við mig. Ég á að trúa því. Ég á að hafa rétt á því að leita mér upplýsinga án þess að efast um allt. Svo lærir maður að þetta fólk hefur ekki alltaf rétt fyrir sér. Stundum veit þetta fólk ekki svarið, og í staðinn fyrir að segja bara: Ég veit það ekki, þá segir það nei, eða kannski,“ bætir hún við. Svo fór að Bogga fann loks einstakling sem hún gat leitað til, Snæfríði Baldvinsdóttur, sem lést árið 2013. Hún stóð í áralangri forræðisdeilu við ítalskan barnsföður sinn.

„Hún var gríðarlegur gagnabanki fyrir mig og stuðningur. Mig munaði um það. Það var í fyrsta sinn sem einhver gat gefið mér svigrúm til að anda og leitt mig,“ segir Bogga og brýnir fyrir fólki að treysta ekki öllu sem yfirvöld segja þegar svo mikið er í húfi. „Þú verður að treysta þér. Ef þér finnst eitthvað gruggugt þá skalt þú tékka á því betur, sama hvað hver segir. Það er ofboðslega margt sem manni klæjar í að vilja breyta, eins og ferli fyrir einstaklinga sem lenda í svona málum. Maður hleypur á milli ráðuneyta og enginn veit neitt því þetta var svo sjaldgæft mál. Hvern langar að vera að ryðja braut þegar maður er að berjast ▶



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðúrhraun 3, 210 Garðabær



fyrir því heilagasta? Þú átt að geta hringt eða fengið fund með einhverjum sem getur útskýrt málið fyrir þér. Það er ein af ástæðunum fyrir því að bókin er til því það er svo hræðilegt að þurfa að læra á lagamma, læra á kerfið og læra á ráðuneyti. Þetta er bara hafsjór af hlutum sem enginn kynnis sér fyrr en hann þarf þess.“

Ágætt samband við barnsföðurinn

Bogga segir að samband þeirra Colby sé ágætt í dag. Þegar Boggu var dæmt forræði yfir sonum þeirra tveimur fékk Colby réttinn til að heimsækja þá og fá þá til Bandaríkjanna í heimsóknir. Það nýtti hann sér ekki í mörg ár og Bogga segir það hafa tekið á drengina. Hann hefur hins vegar snúið við blaðinu og auk þess að fá synina nokkrum sinnum í heim-

sókn til sín vestur um haf heimssótti Colby Ísland til að verja tíma með þeim Brian og Andy.

„Mér þykir vænt um að hann hafi komið hingað og það var í fyrsta sinn sem við ræddum saman að ráði. Hann var þakklátur fyrir að ég hafi farið í málaferli. Hann er þakklátur fyrir það að ég barðist fyrir strákunum. Hann er feginn að ég var ekki að gera þetta á einhverjum frekjuforsendum. Hann er feginn að börnin hans fengu að alast upp hér og hann treystir mér þúsund prósent fyrir börnunum. Stundum lendir maður í aðstæðum þar sem maður verður að berjast með kjafti og klóm fyrir velferð barnanna sinna og kannski fyrrverandi maka líka. Hann var ekki á góðum stað. Ég hugsa að hann verði aldrei hundrað prósent heilbrigður, ekki frekar en ég. En mér þykir vænt um að hann skildi koma og vildi sjá um hvað

þeirra líf snýst – sjá hvar þeir eru í skóla, hvar þeir búa, sjá herbergin þeirra, fara á rúntinn, kynnast vinum þeirra, spila tölvuleiki. Það hlýtur að hafa tekið á fyrir hann að koma hingað. Hann veit að Ísland er samheldið samfélag og þjóðfélag. Hann var tilbúinn að horfast í augu við hlutina og það sagði mér helling.“

„Ekki missa af góðu mínúturnum“

Þegar Bogga flutti loksins heim með drengina eftir tæplega þriggja ára forræðisdeilu átti hún ekkert. Eftir flutninginn heim tók við eitt ár af málaferlum í viðbót þar sem Colby áfrýjaði úrskurði bandarískra dómstóla en hafði ekki erindi sem erfiði. Hún var fljót að byggja sig upp með aðstoð góðra vina og ættingja, en þurfti í raun að byrja að plana lífið upp á nýtt. Þessi breyting var auðvitað líka erfið fyrir syni hennar og tóku við mörg ár þar sem mæðgin þurftu að vinna vel og vandlega í sinni andlegu heilsu til að geta virkað aftur í íslensku samfélagi. Þó þau séu á góðum stað í dag bera þau merki þessa tíma að eilífu. Bogga segist oft hugsa um þennan tíma en sjaldan tala um hann. Þá liggur beinast við að spyrja Boggu: Hvernig fór hún að þessu?

„Ég gat þetta ekki af því að ég var svo sterk. Ég gerði þetta því ég hafði ekki um annað að velja. Í kjölfarið varð ég sterk. Ég sótt einnig styrk í þá sem stóðu með mér eins og klettur – eitthvað sem gleymist aldrei. Svo var það þessi gullna setning sem fleytti mér áfram: Ég er alltaf degi nær því að komast heim. Hvað ef þetta eru bara hundrað dagar og ég er búin með áttatíu? Hefði ég byrjaði þetta ferli og hugsað: Þetta eru þrjú ár og svona margir mánuðir, hefði ég getað þetta? Nei, ég hefði ekki farið út í þetta. Ég er ekkert öðruvísi en nokkur annar með það. En það er eitt sem ég hef haldið í síðan ég var unglingur: Fyrir hverja leiðinlega mínútu í lífinu áttu tvær góðar. Á erfiðustu tímum um er þetta rosalega gott hálmstrá. Í dag líður mér eins og ég sé að fá svo mikið til baka. Lífið getur verið ótrúlega erfitt en ekki missa af góðu mínúturnum.“ ■

Algengara en fólk heldur

Bogga segir að reglulega leiti til sín fólk, nánast eingöngu konur, sem stendur í forræðisdeilu á milli landa.

„Undantekningarlaust svara ég og reyni að hjálpa. Gef þessu fólk bókina mína og reyni eftir bestu getu að svara öllum þeirra spurningum,“ segir hún og bætir við að þessi mál komi miklu oft upp en fólk gerir sér grein fyrir. „Það eru ekki öll mál sem lenda í fjölmiðlum. Langt því frá.“

Börnin heim

Þó hafa nokkrar forræðisdeilur íslenskra kvenna og erlendra barnsfeðra leitað í fjölmiðla, en það þekktasta er án efa mál Halim Al og Sophiu Hansen. Halim Al og Sophia giftu sig árið 1984 en áður höfðu þeim fæðst tvær dætur, þær Dagbjört og Rúna. Árið 1990 fór Halim Al með dæturnar í frí til heimalands síns, Tyrklands, og sneri ekki aftur með dæturnar. Þjóðin fylgdist vel með forræðisdeilunni sem fylgdi í kjölfarið þar sem fyrrverandi hjónin létu margt miður fallett um hvort annað falla. Halim Al sagði Sophiu drekka of mikið og sakaði hana um framhjáald á meðan staðhæft var að Halim Al beitti dætur sína ofbeldi. Svo fór að Halim Al fékk forræði yfir dætrunum sem hafa örsjaldan síðan hitt móður sína.



Halim Al á forsíðu DV árið 1996 ásamt dætrunum Dagbjörtu og Rúnu.

Líflátshótanir og klækjabrögð

Mál Snæfríðar Baldvinsdóttur var einnig mjög áberandi fyrir rúmum áratug, en hún og ítalski fréttamaðurinn Marco Brancaccia, deildu hatrammlega um forræðið yfir dóttur þeirra. Svo hart var deilt að Jón Baldvin Hannibalsson, faðir Snæfríðar, fullyrti að Marco hefði hót að drepa hann og eiginkonu hans, Bryndís Schram, á einum tímamarki. Þá sagði Marco að Jón Baldvin hefði nýtt völd sín innan íslensks stjórnkerfis

til að auðvelda Snæfríði að nema dóttur þeirra á brott á heimili þeirra í Mexíkó. Þá sagðist Marco vita mörg leyndarmál Jóns Baldvins og Bryndísar en fékk ekki tækifæri til að ljósra þeim upp í réttarsal.

Flóttinn frægi

Annað mál sem vakti gríðarmikla athygli var deila Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur við danskan barnföður sinn. Hjördís flúði með dætur sínar tvær frá ofbeldisfullum barnsföður haustið 2013. Flóttanum voru gerð góð skil í íslenskum fjölmiðlum en Hjördís keyrði í líðlega sól-arhring þar til hún komst á stað í Skandinavíu þar sem hún fór huldu höfði í fimm vikur. Með hjálp föður síns og fleiri nástaddra náðist að láta sækja Hjördís á einkaflugvél og flytja hana til Íslands með dæturnar. Flóttinn með stúlkurnar var dæmdur ólöglegur og í kjölfarið var Hjördís dæmd í átján mánaða fangelsi. Barnsfaðirinn kærði brotnámið og krafðist þess að dæturnar yrðu fluttar til Danmerkur. Hjördís sat í fangelsi en kærur barnsföður hennar var vísað frá vegna formgalla. Því fengu stúlkurnar að búa á Íslandi en það var ekki fyrr en á síðasta ári sem Hjördís fékk forræði yfir dætrum sínum eftir sáttameðferð hjá sýslumanni. Eina skilyrði barnsföður hennar fyrir því að veita henni forræði yfir stúlkunum var að hún myndi aldrei biðja um fjárhagsaðstoð vegna þeirra.

Harkaleg aðgerð

Forræðisdeila finnska rithöfundarins Maariu Päivinen og íslensk barnsföður hennar er nýjasta málið af þessu tagi sem hefur fangað athygli landsmanna. Árið 2017 mættu lögreglumenn heim til Maariu í Finnlandi og ætluðu að taka eins og hálfis árs gamlan son hennar af henni sökum þess að senda átti soninn til Íslands á grundvelli Haag-samkomulagsins um brotnám barna. Þótti aðgerðin harkaleg og var því einnig fjallað um málið í finnskum fjölmiðlum. Átti að senda snáðann í athvarf en að endingu fékk Maaria að fylgja honum þangað og því næst fóru mæðginin saman til Íslands. Maaria dvaldi í Kvænnaathvarfinu í marga mánuði á meðan á forræðisdeilunni stóð og kærði barnsföður sinn fyrir að brjóta á henni. Loks var henni dæmd óskipt forsjá yfir syninum og áfrýjunarbeiðni barnsföðursins hafnað. ■

HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

1919 **100** 2019
KitchenAid



KitchenAid 100 ÁR Í ELDHÚSINU

Queen of Hearts línan frá KitchenAid er komin til landsins. Glæsilegt úrval af tækjum í sérstöku afmælisútliti aðeins fánleg í takmörkuðu magni. Nýr einstakur rauður litur og hjartaskreytt smáatriði á hverju tæki.

KITCHENAID – ÞEGAR GÓÐA VEISLU GJÖRA SKAL

BETRA BORGAR SIG



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Hiti í kringum Hannes og brúðkaupið á Ítalíu

■ Markvörður Íslands hefur mátt pola mikla gagnrýni ■ Lét í sér heyra eftir að málið hafði gengið í nokkra daga

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



Mikið hefur verið rætt og ritað um besta markvörð íslenska landsliðsins frá upphafi, Hannes Þór Halldórsson. Ferð hans í brúðkaup aldarinnar við Lake Como á Ítalíu, hefur vakið upp mikla umræðu. Hannes var þar gestur í brúðkaupi Gylfa Þórs Sigurðssonar og Alexöndru Helgu Ívarsdóttir. Hannes gekk í raðir Vals í apríl og hefur koma hans í Pepsi Max-deild karla, vakið gríðarlega athygli. Við ætlum að fara yfir tímalínuna í þessu máli Hannesar.



Hannes í brúðkaupinu fræga.

11. júní

Hannes Þór Halldórsson, meiðist lítillega í upphitun fyrir landsleik Íslands og Tyrklands í undankeppni Evrópumótsins. Leikurinn fer fram á Laugardalsvelli, enginn vissi af meiðslum Hannesar fyrir eða eftir leik, nema lækna og sjúkraþjálfara liðsins. Hannes náði að spila leikinn og var frábær í 2-1 sigri á Tyrklandi, einum besta landsleik Íslands í tæp tvö ár.



13. júní

Hannes segir frá meiðslum sínum í ítarlegu viðtali við Fótbolta.net og þar kemur fram að hann fari í brúðkaup Gylfa og Alexöndru. Öllum er að verða ljóst að Hannes laug ekki um meiðsli sín en sam-

særiskenningar fóru af stað þarna. „Það stóð nú ekki til að fara en úr því að þetta gerðist þá settist ég niður með Óla og hann hvatti mig til þess að taka mér nokkra daga pásu og skella mér. Ég fæ nokkra daga off og ég get því fagnað þessu

með Gylfa,“ sagði Hannes um meiðslin, hann hafði fengið tak í lærið.

15. júní

Hannes skemmtir sér vel í brúðkaupi Gylfa og Alexöndru á Ítalíu



en viðtalið við Ólaf Jóhannesson, þjálfara Vals í Pepsi Max-mörkunum var það fyrsta sem vakti athygli þennan daginn. Eftir sigurleik á ÍBV, þar sem Hannes var staddur í brúðkaupinu, hafði Ólafur þetta að segja: „Ég hef ekki hugmynd hvenær hann tognaði,“ ekki góð ummæli fyrir Hannes. Þetta varð til þess að fleiri spurningar vöknudu um málið. „Ég þekki ekki hvernig svona mál ganga fyrir sig því miður,“ bætti Ólafur við.

Mikil umræða átti sér svo stað í Pepsi-Max mörkunum síðar um kvöldið. „Hannes Þór spilaði báða landsleikina, hann er sagður meiddur. Hann fær leyfi frá Óla til að fara til Ítalíu í þetta brúðkaup. Líðið þitt er í neðsta sæti deildarinnar. Þú ert einn launahæsti, ef ekki launahæsti leikmaður deildarinnar, ert á fjögurra ára samningi. Félagarnir þínir eru í þessari baráttu, þú ferð í þetta brúðkaup. Hefðir þú farið?“, sagði Hörður Magnússon, skipstjóri þáttarins.

Reynir Leósson var einn af sérfræðingum þáttarins. Hann segir að hann hefði aldrei farið. Valur vann sigur á ÍBV í gær, án Hannesar sem var að skemmta sér á Ítalíu. „Ég hefði ekki farið, þessi staða hefur ekki komið upp hjá mér. Ég hefði ekki farið, það er mikil ábyrgð á herðum Hannesar. Þá er það ábyrgð hjá honum að vera með þeim í blíðu og stríðu. Hann hefur verið einn þeirra besti leikmaður. Þetta kom mér á óvart.“

19. júní

Hjörvar Hafliðason, knattspyrnusérfræðingur hélt því fram í Brennslunni á FM957 að Hannes hefði samið við Val í apríl, þar

hefði verið rætt að hann fengi frí þessa helgi til að fara í brúðkaupið. „Núna er bolurinn að fá þær upplýsingar. Hann hefur bara samið svona, honum hefur langað það mikið, Vegna þess að Hannes er eins venjulegur náungi og maður kynnist í lífinu. Ég skil ekki að manni langar svona mikið á einhvern viðburð. Ég viðurkenni það að það þyrfti að vera sonur minn að fara gifta sig mjög óvænt (ef ég ætti að taka svona ákvörðun).“

Hannes stóð svo vaktina í marki Vals gegn KR um kvöldið, liðið tapaði 3-2 og síðan ræddi Hannes við fjölmiðla. Hann svaraði hressilega fyrir sig. „Það stendur ekki einn stafur í mínum samningi um brúðkaupið hans Gylfa Sig, ég get lofað þér því. Ég verð nú bara að fá að segja nokkur orð um þetta mál. Í fyrsta lagi þá meiddist ég í þessum landsleik, það er staðreynd. Ég taldi mig hafa hingað til á mínum ferli sýnt það að það þurfi ekki að efast um fagmennsku mína gagnvart þeim klúbbum sem ég spila fyrir. Ég hef aldrei skorast undan skyldum mínum sem fótbolta- maður og þvert á móti þá hef ég lagt á mig aukalega til að vera í eins góðu standi og ég get fyrir þau lið sem ég spila fyrir. Þannig hef ég alltaf litid á fótbolta og það mun ekki breytast. Þess vegna finnst mér helvíti ódýrt að það sé reynt að gera þessa stuttu ferð mína til Ítalíu tortryggilega með öllum mögulegum aðferðum í æsifrétta- stíl. Þegar ég hefði ekki einu sinni getað tekið þátt í leiknum vegna meiðsla. Það er alltaf leiðinlegt að missa af leikjum vegna meiðsla en Valsmenn eru sem betur fer vel settir í markmannsmálum.“ ■



HVER ER ÞINN UPPÁHALDS LITUR?



ARC-TIC
ICELAND

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

WWW.GILBERT.IS - WWW.ARC-TIC.COM





Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Fréttastjóri: Kristinn Haukur Guðnason Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Misheppnuð aðferð

Þegar Miðflokkurinn hóf sitt málþóf um þriðja orkupakkann virtist tiltækið ætla að virka. Hreyfing myndaðist í kringum andstöðuna, fylgið reis og það sem mestu máli skipti, það fennti hratt yfir Klaustursmálið. Miðflokksmenn voru vígreifir og gerðu sig líklega til að beita sömu aðferð í öðrum málum; kjötmálinu, sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, jafnvel málinu um kynrænt sjálfræði. Öll mál skyldi stoppa með leiðindum og ofbeldi. En sverðið reyndist tvíeggja. Umræðan varð stöðugt neikvæðari og að lokum byrjaði fylgið að síga. Almennur kann ekki við þessi vinnubrögð og Miðflokksmenn sáu fram á að sogast ofan í hylðýpi í sumarhitunum. Stjórnarliðar unnu störukeppnina og nú þurfa Miðflokksmenn að finna sér nýtt vopn.

Vafasöm fjölmiðlanefnd

Fjölmiðlanefnd hefur nú úrskurðað að frétt sem birtist á Vísi hafi brotið í bága við lög um fjölmiðla. Í téðri frétt voru höfð eftir ummæli sem höfðu áður birst opinberlega, það er að segja á samfélagsmiðlum. Verður þessi vegferð nefndarinnar að teljast undarleg í besta falli og hættuleg í versta. Að nefnd á vegum ríkisins taki sér þetta vald og setjist í sæti dómara.

Þeir sem telja á sér brotið hafa aðrar færar leiðir til að leita réttar síns. Það er að kæra til siðanefndar Blaðamannafélagsins eða til dómstóla. Eftir þennan úrskurð munu væntanlega margir telja þessa leið betur færa til þess að fá þá niðurstöðu sem þeir óska og mun kærur til fjölmiðlanefndar að öllum líkindum rigna inn. Fyrir nefndarmenn sjálfa er þetta góð leið til þess að halda sér á fjárlögum.



Sumarsólstöður Hér sést sólin kyssa sjóndeildarhring með útsýni yfir Faxaflóa og Akrafjall.

MYND: EYÞÓR ÁRNASON

Foreldrar í fangelsi

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Svo kallað tálmunarfrumvarp hefur reglulega skotið upp kollinum í umræðunni síðustu misserin. Í stuttu máli felst það í því að foreldri sem tálmar umgengni hins foreldrisins við barn geti verið sektað eða fangelsað í allt að fimm ár. Frumvarpið hefur verið harðlega gagnrýnt af stofnunum og samtökum sem vinna með börnum. Hópurinn Aktívistar gegn nauðgunarmeningu segir til að mynda í umsögn um frumvarpið að ef þetta frumvarp yrði að lögum yrði það kúgunartæki ofbeldismanna. Samtök um kvænnaathvarf, Umboðsmaður barna og Barnavernd draga í efa að það að fangelsa annað foreldrið fyrir tálmun geri illt verra þar sem með því sé verið að takmarka umgengni þess foreldris við barnið.

Þeir sem styðja frumvarpið grípa ávallt til þeirra raka að núverandi fyrirkomulag sé ekki nógu gott og tryggi ekki að barn njóti samvasta við báða foreldra sína

eins og kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Mér finnst hins vegar langt frá því að vera nóg að taka aðeins þá grein í sáttmálanum út fyrir sviga, því þessi sáttmáli, sem Íslendingar hafa ákveðið margoft að beinlínis hundsa, inniheldur svo mikið, mikið meira.

Jú, vissulega á barn rétt á að umgangast báða foreldra sína nema, og það er stórt NEMA, það stríði gegn hagsmunum barnsins. Það eru nefnilega ekki allir foreldrar góðir, því miður. Sumar mæður eru vondar og sumir fedur eru vondir. Sumir foreldrar eru góðir en ekki hæfir til að ala upp börn, til dæmis vegna geðraskana eða fiknar. Sumir foreldrar nota börn sem vopn í forræðisdeilum því það er tap að glata barni. Og það vill enginn tapa og vera lúser.

Eitt sinn kom maður að máli við mig sem átti börn með konu sem beitti hann ofbeldi. Hann gat ekki fært sönnur á ofbeldið því það var mestmegnis andlegt. Hún hafði lagt hendur á hann einu sinni en honum fannst ummerkin ekki réttlæta lækneisheimsókn, hvað þá áverkavottorð. Hann var þjakað-



ur af skömm. Við skilnaðinn lét hann hafa sig út í að gera forsjar-samning við barnsmóðurina sem þýddi að börnin nutu jafnra samvasta við báða foreldra. Börnin fóru að sýna fleiri og fleiri merki þess að ekki væri allt með felldu á heimili móðurinnar þannig að maðurinn leitaði sér ráðgjafar um hvort hann gæti farið í gegnum sýslumann og fengið að minnka umgengni hennar við börnin. Ráðgjafinn hlustaði af athygli og samúð en réði honum hins vegar frá því að reyna að fá börnin alfarið til sín. Af hverju? Barnsmóðirin leit betur út á pappírnum. Börnin voru tekin út fyrir sviga.

Þetta er bara ein saga af mörgum um hvernig börnum er í sífellu kippt út fyrir sviga þegar verið er að gambla með velferð þeirra og

framtíð. Nema náttúrulega þegar um er að ræða agnarsmá fóstur í móðurkviði. Þá verður líf barns allt í einu það mikilvægasta í heiminum meðal ráðamanna þjóðarinnar. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag er ekki nógu gott en nákvæmlega hvaða vanda leysir það að fangelsa foreldri sem tálmar umgengni? Þessi vandi og deilur þar sem börn koma við sögu eru svo miklu flóknari en svo að hægt sé að veifa töfrasprota og leysa málin með þessum hætti. Nú væri því ráð að henda þessum sviga í ruslið, hlúa að börnum sem virðast missa volduga talsmenn sína um leið og þau þrýstast út úr móðurkviði og setja kraft í að bjarga börnunum sem geta ekki bjargað sér sjálf. ■

Spurning vikunnar

Hefur þú áhyggjur af loftslagsbreytingum?





STEINAR SMÁRI, MEINDÝRAEYÐIR ÍSLANDS:

Útrýmur lúsmýinu!

Fyrir all löngu síðan bjó Steinar Smári Guðbergsson með fjölskyldu sinni á sveitabæ. Honum blöskraði músa- og köngulóamergðin á heimilinu og tók að halda ófögnuðinum í skefjum með meindýravörnum. Efni sem aðgengileg eru almenningi nægðu ekki í þessi verk og því leitaði Steinar sér menntunar á sviði meindýravarna. Allt frá árinu 2005 hefur hann starfað sem meindýraeyðir og starfsemin er í sífelldri þróun en fyrirtæki hans ber heitið Meindýraeyðir Íslands ehf.

Margir vita ekki að starf meindýraeyðis snýst ekki bara um að farga fyrirliggjandi meindýrum heldur einnig að sinna forvörnum: „Fyrirtækjum í matvælagæiranum, bæði þeim sem framleiða og framreiða mat, ber skylda til að vera með meindýraeyði á samningi sem setur upp meindýravarnir og heldur uppi eftirliti, sem miðar að því að halda meindýrum frá framleiðslu fyrirtækja. Það er réttur neytandans að neysluvaran sé sem best á allan máta,” segir Steinar.

„Margir Íslendingar hugsa sjálfkrafa að ef minnst er á meindýraeyði þá sé eitthvað að. En það er alls ekki þannig. Forvarnirnar eru einn mikilvægasti þáttur í starfinu. Ef þú ert með meindýraeyði þá þýðir það að þú sért með hlutina í lagi. Þú ert að fyrirbyggja að meindýr komist í matinn sem þú ert að framleiða eða framreiða fyrir neytandann.”

Starfsemin er því tvíþætt, annars vegar tilfallandi útköll og hins vegar meindýraeftirlit og forvarnir. „Það eru ekki endilega bara matvælafyrirtæki

og veitingastaðir sem þurfa á svona forvörnum og eftirliti að halda. Flugfélög, skólar, stofnanir og margs konar önnur fyrirtæki sem eru með viðkvæman og dýran búnað þurfa líka að fá eftirlitsþjónustu hjá meindýraeyði til að koma í veg fyrir að nagdýr skemmi leiðslur og þess háttar. Hótel og gististaðir hafa einnig þurft að eiga við veggjalús (bed bugs) og eru því oft með Meindýraeyði Íslands á hraðvalli í símanum sínum.”

Almenningur getur líka þurft á forvörnum meindýraeyðis að halda: „Til dæmis er ágætis vani að láta eittra húsnæðið sem fólk ætlar að flytja í, því það veit ekki hvaða óæskilegu samþýlingar biða spenntir eftir því. Einnig er sniðugt að láta meindýraeyði eittra á nýja staðnum, sérstaklega ef meindýra varð vart á gamla staðnum, því það kemur í veg fyrir að meindýrin sem flytjast með, nái sér á strik í nýja húsnæðinu.”

Óvelkomnum gestum fer fjölgandi

Steinar Smári segir að skordýrum hafi fjölgað hér á landi, bæði í tegundum og magni, með auknum fjölda ferðamanna. „Veggjalús hefur fjölgað mikið, sem fyrir segir. Kakkalökkum hefur líka fjölgað og það er reglulega hringt í mig út af þeim. Þá hafa bæst við gestir sem hafa jafnvel ekki fengið íslenskt nafn ennþá. Fyrir ekki löngu fannst hér í fyrsta skipti svokallaður „ghost ant“ og fékk heitið draugamaur,” segir Steinar.

Enn fremur hefur köngulóm fjölgað á Íslandi, sérstakleg krossköngulónni, en með hlýrra veðri og auknu skjóli frá stærri trjágróðri hefur henni fjölgað mikið.

„Það eru 84 tegundir af köngulóm á Íslandi. Hins vegar eru geitunga- tegundirnar bara tvær, holugeitungur og trjágeitungur. Holugeitungurinn er minni en búin þeirra eru stærri og þeir eru mun árásgjarnari,” segir Steinar Smári og kveður síðan niður algenga bábilju um köngulær:

„Það er oft sagt að þar sem mikið sé um köngulær sé lítið um flugur. En þar sem ég kem til að eittra fyrir köngulóm er yfirleitt mikið um flugur líka, það fara nefnilega ekki allar flugur í vefina. Og svo þegar úðað hefur verið fyrir köngulónum þá hverfa flugurnar líka því eitrið virkar líka á þær.”

Rottur upp úr röri

Það gefur auga leið að meindýraeyðar lendi í mörgu eftirminnilegu og stundum er það tengt rottugangi. Steinar segir okkur eina slíka sögu. „Þar sem eldri hús eru liggja oft rör frá þakrennum niður að jörðu og stingast svo ofan í gömlu steypu rörin sem notuð voru mikið hér áður fyrr. Oft fer álörrið neðan úr rennuni að ryðga og tærast og steypurörið molnar, þá myndast gat sem rottur komast upp úr. Á einu heimili voru tveir Bengal-kettir og þeir ákváðu að gleðja húsbændur sína með því að draga fjórar spriklandi rottur inn í hús. Húsbændunum leist hins vegar ekki betur en svo á gjöfina að þeir hringdu í ofboði í meindýraeyðinn! Þegar ég hafði náð veiði kattanna, fór ég að kanna ástæður þess af hverju þessi ófögnuður hafði borist inn. Þar sem mig grunaði að fráfallsrör frá þakrennu væri ástæðan ásamt veiðigleði kattanna, fór ég út fyrir til að kíkja á, grunur minn reyndist

réttur því ég sá tvo aðra ketti sem biðu við rörið, tilbúnir að hremma meiri bráð sem upp úr gatinu kæmi.” – Var strax farið í það að setja fyrir gatið.

Góður tækjabúnaður og óreglulegur vinnutími

Meindýraeyðir Íslands leggur metnað sinn í að hafa ávallt nýjasta og besta tækjabúnað sem til er á markaðnum og er því ávallt vel tækjum búinn, ásamt því að halda menntun sinni við og fylgjast með öllum nýjungum á sviði meindýravarna hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

„Sem dæmi um töl sem ég þarf að beita eru til dæmis gufubysa, hitabyssa og skammbysa annars vegar og hins vegar alls konar ferómón, gildirur og límspjöld. Límbúnaðurinn er á undanhaldi og ég beiti honum bara í neyð og þá undir stöðugu eftirliti. Ég er með mjög góðar dætur til notkunar bæði inni og úti.”

Eins og nærri má um geta er vinnutími meindýraeyðis mjög óreglulegur en í grundvallaratriðum má segja að Steinar sé alltaf til taks: „Ég loka nú oftast ellefu eða tólf á kvöldin. En ef það er neyðartilvik, til dæmis rotta í svefnherberginu, þá kem ég á vettvang á hvaða tíma sólarhringsins sem er. En það er óþarfi að bregðast það hratt við ef þú sérð silfurskottu, því það þarf meiri undirbúning ásamt því að enginn má vera inni við án öndunargrímu.”

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni www.eydir.is og í síma 897-5255. Einnig er hægt að finna Meindýraeyði Íslands á Facebook. ■

Lenti í klóm hælisleitanda frá Marokkó



Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Margrét Alda Karlsdóttir átti í ástarsambandi við hælisleitanda frá Marokkó sem hélt henni í heljargreipum. Maðurinn leit á hana sem sína eign og lagðist upp á hana og móður hennar. Hún segir manninn hafa misnotað velferðarkerfið trekk í trekk og efast um að hún sé fyrsta konan sem lenti í klóm hans.

Strax hrifin

Margrét Alda er búsett á Akureyri og kynntist manninum í gegnum stefnumótatorritið Badoo.

„Það var í mars á seinasta ári. Ég féll algjörlega fyrir honum og mér fannst við geta talað um allt. Hann sagði mér að hann væri ríkisfangslaus í Marokkó af því að hann hefði verið uppreisnarmaður þar og eftirlýstur. Hann kom til Íslands frá Belgíu og var búinn að vera hér á landi í ár þegar við kynntumst. Hann fór í gegnum hælisleitendaprógrammið í Reykjavík og var kominn með tímabundið dvalarleyfi. Hann sagðist hafa komið norður af því að maður hérna hefði lofað honum húsnæði og vinnu en svo hefði hann ekki staðið við það.“

Á þessum tíma deildi maðurinn húsnæði með manni frá Túnis og pólskum mæðgum. Margrét, sem er öryrki, býr með móður sinni.

„Við eyddum miklum tíma saman þangað til kom að því að hann vildi flytja úr húsnæðinu sem hann deildi með öðrum. Þá bauð ég honum auðvitað strax að flytja inn á mig og mömmu, ekki gat hann verið heimilislaus. Í kringum páskana flutti hann inn á okkur.“

Ein í ókunnu landi

Margrét segir manninn fljótlega hafa sýnt á sér aðra hlið.

„Fljótlega fór hann að sýna sitt rétta andlit. Hann var alltaf svo mikið fórnarlamb og það voru allir svo ægilega vondir við hann. Hann kvartaði yfir öllu og var alltaf að tala um að hann ætti rétt á hinu og þessu sem Akureyrarbær vildi ekki gefa honum. Akureyrarbær átti bara að redda öllu fyrir hann. Hann kvartaði yfir því að enginn vildi ráða hann í vinnu. Hann var samt ekkert að hafa fyrir því að leita að vinnu sjálfur. Félagsmálastofnun reiddaði honum tímabundið vinnu í eldhúsi á öldrunarheimili en það fannst honum alveg ómögulegt, hann var stjórnvitleaus þar og gekk fram af öllum.“

Margrét fór með manninum suður til Reykjavíkur um páskana á seinasta ári. „Þar hittum við fullt af hælisleitendum og ég sá þá í fyrsta sinn hversu mikill hassfíkill hann var í rauninni. Strax þá voru farnar að renna á mig tvær grímur en ég lét sem ekkert væri.“

Hún segist hafa orðið vör við mikla kvenfyrirlitningu hjá manninum. „Hann úthúðaði nánast bara konum en karlar voru yfirleitt ágætir í hans augum. Konur sem voru léttklæddar voru að hans sögn druslur sem vildu láta nauðga sér.“

Seinasta sumar tók maðurinn þá ákvörðun að fara á flakk um Evrópu. Margrét segist hafa verið svo blinduð af hrifningu og söknuði að hún ákvað að fara út á eftir honum, til Mons í Belgíu, og dvelja þar í viku. Þegar þangað var komið fékk hún áfall. „Þegar við komum á staðinn sem hann var á hjá vini sínum fékk ég áfall. Íbúðin var dimm, skítug, tvíbreiða rúmíð án dýnu bara fullt af einhverju drasli sem var grjóthart og gaf eftir undan þunga mínum. Í stof-

unni var sófi og ferðabeddi. Ferðabeddinn gefur sig líka undan mér og mátti ég púkka töskunni minni undir hann svo ég gæti þó sofð einhvers staðar. Vinurinn í þessu hreysi var dópisti líka. Þetta var á þeim tíma sem þeir fasta í mánuð á daginn og éta svo frá sólarlagi til hálf fjögur á nóttunni og því var ég oft ekkert að sofna fyrir en fjögur á nóttunni.

Í ferðinni fékk Margrét að kynnst skapgerð mannsins og heiftarleg átök urðu á milli þeirra. Hún segist hafa fundið fyrir miklum létti þegar heim var komið. Það leið þó ekki á löngu þar til maðurinn byrjaði að hringja í hana mörgum sinnum á dag í gegnum Messenger-forritið og vildi sýna henni myndir og fleira frá Evrópuflakkinu. „Ég var frekar áhugalaus um þetta og vildi sem minnst af honum vita en þorði alls ekki að segja það upphátt því viðbrögð hans hefðu verið að skamma mig eða láta mig vorkenna sér,“ segir Margrét.

„Ég sagði honum að þetta væri búið og ég vildi ekki meir. En honum tókst alltaf að beita einhverjum brögðum til að fá mig á sitt band. Honum tókst alltaf að fá samúð og vorkunn frá mér,“ segir Margrét og bætir við að hún hafi alltaf átt erfitt með að sjá aðra gráta. „Þannig að þegar hann fór að gráta þá fór ég að gráta líka og lofaði að fara ekki frá honum.“

Smyglaði inn hassi

Margrét segir manninn hafa verið ákveðinn í að giftast henni, og hann hafi ekkert hlustað á hennar mótbárur. „Hann fór að heimsækja ættingja á Spáni og lét mig tala við þau í gegnum myndsíma á Facebook. Hann vildi að allir myndu sjá mig, og að ég myndi sjá þau.“

Hann reyndi allt. Hann hótaði til dæmis að flytja inn til konu í Keflavík sem hann hafði kynnst og var að hans sögn miklu yngri og fallegrri en ég. Ég sótti hann á Keflavíkurflugvöll um miðja nótt og við gistum á hóteli þar sem hann sýndi mér stoltur hassið sem honum tókst að smygla.“

Í kjölfarið flutti maðurinn aftur inn á Margréti og móður hennar á Akureyri. „Hann var sjúklega afbrýðisamur. Ég mátti ekki sýna neinum öðrum karlmönnum áhuga. Hann einangraði mig líka frá vinkonu minni, sem var búin að vara mig við honum strax frá byrjun.“

Margrét segir manninn hafa tekið yfir allt á heimilinu, hann hafi neytt áfengis á hverjum degi. Hann svaf allan daginn og vakti á nóttunni og hélt þá fyrir henni vöku. Þá átti kynlíf að standa honum til boða hvenær sem er.

Lá á kerfinu

Margrét segir manninn fljótlega hafa farið að tala um að hann vildi flytja alfarið til Reykjavíkur; þar myndi hann fá allan stuðninginn og friðindin sem hann ætti rétt á.

Hann vildi vera í einhvers konar fjarsambandi en það þótti Margréti afleit hugmynd.

„Þegar hann flutti suður þá fann ég fyrir rosalegum létti, ég gat loksins sofð á nóttunni, haft kisuna uppi í rúmi hjá mér, ég gat spilað mína tónlist og horft á mína þætti.“

Ég frétti síðan af því að hann væri á fullu að svindla á kerfinu í Reykjavík. Hann fékk frítt húsnæði og fjárhagsaðstoð frá borginni en var á sama tíma að vinna svart hjá verktaka. Samt átti hann aldrei krónu. Ég hef ekki tölu á því hvað ég lánaði honum mikið, 10 þúsund hér og 15 þúsund þar. ▶



„Hann úthúðaði nánast bara konum en karlar voru yfirleitt ágætir í hans augum. Konur sem voru léttklæddar voru að hans sögn druslur sem vildu láta nauðga sér.“



„Þegar hann flutti suður þá fann ég fyrir rosalegum létti, ég gat loksins sofð á nóttunni, haft kisuna uppi í rúmi hjá mér, ég gat spilað mína tónlist og horft á mína þætti.“

Í október á seinasta ári tók Margrét Alda ákvörðun um að loka á manninn. „En einhvern veginn tókst honum að láta mig hætta við, með því að fara að gráta og lofa öllu fögru: hann ætlaði að snúa við blaðinu, haldast í vinnu og hætta að nota hass.“

Hann kom síðan í heimsókn á nokkurra vikna fresti og í hvert einasta skipti voru einhver átök á milli okkar. Ég var algjörlega búin á taugum og ég var alltaf að telja í mig kjark að reyna að slíta sambandinu endanlega.“

Fyrr á árinu fór maðurinn enn einu sinni til útlanda, nú til Ítalíu og Spánar. Samskiptin héldu áfram í gegnum Facebook þar til einn daginn eftir heiftarlegt rifrildi að Margrét ákvað að loka endanlega á manninn. „Ég tilkynnti hon-

um að þetta væri búíð, ég elskaði hann ekki lengur og að ég myndi núna „blokkera“ hann á Facebook.“

„Hann á ekki að vera hérna“

Seinustu samskipti Margrétar og mannsins áttu sér stað 8. júní síðastliðinn. Þá birtist hann hér óboðinn og liggur á dyrasímanum og hringir í alla síma í íbúðinni úr leyninúmeri. Hann var þá búinn að reyna að tala við mig í marga daga með því að hringja úr leyninúmeri en ég skellti alltaf á hann. Ég vaknaði síðan við að það að hann var að henda smásteinum í rúðurnar hérna og var að reyna að komast inn á stigaganginn. Ég hringdi á lögregluna og hann lagði á flóttu þegar hann sá lögreglubílinn.“

Nokkrum dögum síðar fékk Margrét skilaboð frá erlendri vinkonu mannsins sem sagði henni að hún yrði að tala við manninn svo hann gæti kvatt hana. Hún svaraði skilaboðunum fullum hálsi og hefur síðan þá ekkert heyrt frá honum. Hún veit ekki hvar hann er staddur í dag. „Þetta er algjör óvissa, ég veit ekki hvort hann eigi eftir að birtast hérna aftur eða hvort ég eigi eftir að rekast á hann úti á götu,“ segir hún og líkir upplifuninni við það að vera haldið í gíslingu. Hún segist efast um að hún sé fyrsta fórnarlamb mannsins, og líklegasta ekki sú seinasta heldur.

„Hann á alveg örugglega eftir að finna einhverja aðra stelpu til að hengja sig á. Hann á ekki að vera hérna.“ ■

Erlendir „kerfisfræðingar“ misnota velferðarkerfið

Kerfisfræðingar“ á vegum erlendra glæpasamtaka nýta sér íslenska velferðarkerfið í auðgunarskyni. Til eru dæmi um að leiðtogi slíkra samtaka hérlendis hafi sent tugi milljóna króna, fengna með ólögmatum hætti, út úr landinu en samtímis þáði hann fjárhagslegan stuðning frá íslenska ríkinu. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkislögreglustjóra um skipulagða brotastarfsemi á Íslandi í kafla sem nefnist Skipulögð misnotkun erlendra afbrotahópa á opinberri þjónustu og kerfum. Í skýrslunni segir að það þekkest á Norðurlöndum sem og víðar í Evrópu að glæpasamtök misnoti opinbera þjónustu og -kerfi. Þetta sé liður í skipulagðri brotastarfsemi þeirra. „Þetta á við um bótakerfi, vinnumiðlun, móttökukerfi vegna flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd og margvíslega félagslega aðstoð sem þeim stendur til boða.“

Starfsemi þessi valdi margvíslegum skaða og sé líkleg til að draga úr skilvirkni opinberrar þjónustu og bitni á þeim sem raunverulega þurfi á aðstoð að halda. „Slík misnotkun opinberrar þjónustu af hálfu erlendra brotahópa getur skaðað innflytjendur og réttmæta umsækjendur um alþjóðlega vernd verði misnotkunin nýtt í áróðursskyni gegn þessum hópum.“

Brotastarfsemin á Íslandi að aukast að stærð og styrk
Slík brotastarfsemi tíðkast einnig

á Íslandi og nýta glæpamenn sér glufur og brotalamir íslenska kerfisins í auðgunarskyni. Þessi starfsemi tengist einnig mansali, en það sé þekkt að glæpasamtök komi hingað til lands einstaklingum sem sækja um alþjóðlega vernd en þurfi svo að borga samtökunum peninga, eða greiða hluta launa sinna til þeirra.

Erfitt er að meta svo öruggt sé stærð og fjöldi slíkrar afbrotahópa á Íslandi en Ríkislögreglustjóri fullyrðir þó að slík starfsemi sé að aukast, bæði að stærð og styrk. Margir þessa hópa komi frá Austur-Evrópu, nánar tiltekið frá löndum á borð við Pólland, Litáen, Rúmeníu og Albaníu. Lögreglan veit um þrjá hópa manna sem allir koma frá sama ríkinu. Starfsemi hópanna er skipulögð, víðfeðm og ábatasöm. Telur lögregla að allt að 50 manns tengist þessari starfsemi, en þó setja þeir fram þá tölu með þeim fyrirvara að einhverjir þeirra aðilar geti verið fórnarlömb nauðungar eða vinnumanns. Innan hópanna starfa „kerfisfræðingar“, eða einstaklingar sem hafa mikla þekkingu á velferðarkerfinu, kerfi opinberrar þjónustu og félagsaðstoðar, hér á landi. Lögreglu er einnig kunnugt um að þessir hópar misnoti skipulega móttökukerfi og félagslega aðstoð sem er starfrækt hér á landi, aðstoð sem réttilega ætti að fara til þeirra sem eru í raunverulegri neyð. ■

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

SOFADAGAR

MIKIÐ ÚRVAL SVEFNSÓFAR – LEDURSÓFAR – HORNSÓFAR O.FL.

10–50% afsláttur



Hornsófi hægrri eða vinstri
Verð nú 199.920 kr.



Malmö hvíldarstóll
Verð nú 59.415 kr.



Stockholm hvíldarstóll
Verð nú 59.940 kr.



Verð nú 159.415 kr. Verð nú 49.950 kr. Verð nú 34.950 kr. Verð nú 44.950 kr.



Verð nú 245.415 kr.

vefverslun svfnogheilsa.is

12 mána
VAXTALAUÐSAR
GREIÐSLUR

Svefn & heilsa

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Toppurinn

21. júní 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



REIÐHJÓLAVERZLUNIN BERLIN:

Fyrir sjálfstæða og stílmeðvitaða einstaklinga sem elska falleg reiðhjól

Reiðhjólaverzlunin Berlin hefur skapaði sér nafn sem reiðhjólaverslun með meiru. Berlin sérhæfir sig í klassískum hjólum, vönduðum fylgihlutum og er með ýmsar aðrar fallegar vörur sem henta til daglegra nota. Einnig er verkstæði á staðnum og er tekið á móti öllum gerðum reiðhjóla til viðgerða, viðhalds, umfelgunar og samsetningar á hjólum

„Við erum mikið í þessum klassísku vintage-hjólum, sem eru falleg útlits og höfða til fólks sem vill ekki hjóla í sérstökum hjólaftötum heldur bara í venjulegum hversdagssklæðnaði,“ segir Jón Óli Ólafsson, eigandi fyrirtækisins og eini starfsmaðurinn. Meðal vinsælustu reiðhjóla hjá Berlin eru REID Ladies Classics og svo hjól undir merkinu Berlin.

„Við viljum bjóða upp á einföld, einstök og skemmtileg hjól fyrir sjálfstæða og stílmeðvitaða einstaklinga,“ segir Jón Óli.

Berlin býður einnig reiðhjól frá Pure Cycles, Achille og Pashley. Nýjasta hjólamerkið er ítalska merkið Cinelli. Cinelli býður upp á alls konar útgáfur af samsetningum við stellið.

Reiðhjólaverzlunin Berlin skipuleggur og heldur utan um Tweed Ride. „Hér kemur fólk saman og hjólar í klass-



ískum fötum og dragtir í anda breskra hefðarmanna og -kvenna. Hjólað er um á klassískum og virðulegum borgarhjólum,“ segir Jón Óli um þennan skemmtilega viðburð.

Gömul reiðhjól fá nýtt líf

Óhætt er að segja að Jón Óli veiti góða og persónulega þjónustu en hann hefur meðal annars hjálpað viðskiptavinum að láta gömul reiðhjól öðlast nýtt líf. „Við höfum bjargað hérna hjólum frá allt aftur til 1950, og svo hjólum frá sjötta, sjöunda og áttunda áratugnum. Ef fólk kaupir aukahlutina hér set ég hjólin saman viðkomandi að kostnaðarlausu, en svo eru aðrir sem kjósa að

gera þetta sjálfir en fá efni og þá aðstoð og ráð sem þeir vilja hjá mér,“ segir Jón Óli.

Opið lengur með hækkandi sól
Reiðhjólaverzlunin Berlin er til húsa að Ármúla 4. Núna 2. maí lengdist afgreiðslutíminn og er opið þriðjudaga–föstudaga frá 11 til 19 og laugardaga frá 11 til 17. Lokað er sunnudaga og mánudaga.

Að sögn Jóns Óla fer áhuginn og aðsóknin að aukast upp úr miðjum mars en það fer þó eftir veðri. „Maður finnur fyrst fyrir auknum áhuga á vefsíðunni en fólk byrjar að skoða þar áður en það kemur á staðinn,“ segir Jón Óli en ágæt vefsíða verslunarinnar er



á slóðinni reiðhjólaverzlunin.is. „Það er mjög mikið að gera inn í júní, en síðan kemur dálítil sumarleyfalægð í júlí. Í ágúst, september og október er síðan mikil traffík,“ segir hann, en Jón Óli finnur vel fyrir vaxandi áhuga á hjólreiðum allt árið. „Það er hægt að setja negl

dekk undir flest hjól sem hér eru til sölu og það er algengt að fólk fari að spyrjast fyrir um slíkt með haustinu. Ég finn líka þá breytingu seinni árin að viðskiptavinir nefna þennan möguleika við mig að fyrra bragði.“ ■



Róaðu þig með Kajakferðum

Að sigla í kajak er ein skemmtilegasta afþreying sem hugsast getur og er á nær allra færri að taka í árina og róa eins og vindurinn. Kayakferðir var fyrst stofnað árið 1995 og árið 2013 tóku þeir félagar, Gunnar Valberg og Magnús Ragnar við árinu. „Þetta hefur gengið vonum framár. Við erum með um 60-70 kajaka á okkar vegum og getum tekið allt að 60 manns í einni ferð. Við erum allajafna 4 sem sjáum um ferðirnar hjá fyrirtækinu. Þetta er hörkuhreyfing og alveg gífurlega skemmtileg,” segir Magnús.

Finnur ró í því að róa

„Þetta eru mestmegnis eða um 75-80% Íslendingar sem koma í ferðir hjá okkur, og mér finnst þetta bara vera að aukast. Það er endá fátt sem jafnast á við það að vera einn með náttúrunni úti á hafi eða í fenjunum. Á góðum degi er þetta eins og andlegt jóga. Því fylgir svo mikil ró að róa með hafgoluna í andlitinu. Maður verður alveg endurnærður eftir svona túr. Fólk er líka himinlifandi eftir svona ferðir og þetta er komið inn á samfélagsmiðlana nær samstundis. Við höfum um því lítið þurft að auglýsa okkur.“

Einstaklingar og hópar

Kajakferðir bjóða upp á fjölbreyttar ferðir sem henta einstaklingum, vinahópum, fjölskylduhópum, gæsa- og steggjahópum, vinnustaðasamhristingum eða langtum stærri hópum. „Við höfum verið með allt að 350 manna hópa. Þegar um svo stóra hópa er að ræða þá skiptum við þeim upp í minni hópa og skipuleggjum afþreyingarstöðvar með þrautabrautum, sundi, leikjum, búbbulbolta, ásamt kajakróðri, að sjálfsgöðu. Svo hrókerum við á milli og það fá allir að prófa allt.“

Vinsælustu ferðirnar hjá fjölskylduhópum eru án efa Róbinson Krúsó ævintýraferðirnar. Þá fer fjölskyldan af stað í leiðangur um fenjasvæði Stokkseyrar. Hópurinn er á eigin spýtum og fær kort til þess að rata eftir. „Það myndast alltaf stórskemmtileg stemning í þessum ferðum enda er fólk að kanna saman skemmtilega skurði og tjarnir með stórbrotnu fuglalífi. Sefið eru sumsstaðar svo hátt að það er næstum eins og maður sé kominn til Amazon. Það geta allir

tekið þátt í Róbinson Krúsó ferðinni og þeir allra yngstu geta setið með eldri fjölskyldumeðlimi á tveggja manna kajak.“

Önnur vinsæl hópaferð er Power Challenge ferðin. Þá er róid bæði á vatni og sjó með leiðsögumanni. Aldurstakmark í ferðina er 14 ára. „Ferðin byrjar á því að róa eftir Löngudæl inn í þröngar rásir fenjasvæðisins. Þaðan er farið niður að Hraunsá og svo stoppað stutt áður en haldið er til sjávar. Siglt er á milli skerjagarðanna með sínum fallegum lönnum þar sem gestir komast oft í tæri við seli og fjölskrúðugt fuglalíf. Svo endum við í hinni sögulegu Stokkseyrarhöfn.“

„Vindurinn er mesti óvinur kajaksins og er fyllsta öryggis gættis í öllum okkar ferðum. En ef vindurinn er of mikill þá neyðumst við til þess að endurbóka eða aflýsa ferðum. Við höfum sem betur fer ekki þurft að aflýsa mörgum ferðum, enda hefur veðrið verið algerlega óviðjafnanlega gott til kajakferða núna upp á síðkastið.“

Fjöldi tækifæra til afþreyingar á Stokkseyri

„Við erum með aðgang að sundlauginni hér á Stokkseyri svo að allir okkar gestir geta skellt sér í sund fyrir eða eftir kajakferð, sér að kostnaðarlausu, á opnunartíma sundlaugarinnar. Einnig getum við opnað laugina fyrir gesti gegn vægu gjaldi ef þeir vilja nýta sér aðstöðuna utan opnunartíma. Stokkseyri er frábær áfangastaður fyrir hópa til þess að eyða heilum degi. Að sjálfsgöðu er skylda að koma í kajakferð, en svo er einn af rómuðustu veitingastöðum Íslands, Fjöruborðið í göngufæri. Einnig er gaman að kikja í Draugasetrið eða líta við hjá Björgvini Tómassyni í Orgelsmiðjunni, en hann hefur smíðað orgel í fjölda kirkna á Íslandi,” segir Magnús.

Hvað varðar sérferðir, þá erum við opnir og sveigjanlegir fyrir ýmsum fyrirspurnum og þess háttar og er um að gera að hafa samband við okkur á kajakferdir@gmail.com og skipuleggja eitthvert skemmtilegt ævintýri með okkur.

Nánari upplýsingar um ferðir og fleira á kajak.is

Fylgstu með á Facebook: Kayakferðir Stokkseyri

Sími: 868-9046 og 695-2058 ■





Náttúrulækningar og lífstílsbreytingar reynast vel gegn mörgum kvillum

Heiða Björk Sturludóttir hafði frá unglingsárum haft mikinn áhuga á náttúru, náttúru-lækningum og mataræði og drakk í sig bækur um austurlenska heimspeki og lækningajurtir. Þegar upp komu veikindi hjá syni hennar, leitaði hún í þennan reynsluheim eftir lækningu og meðferð og varð ekki fyrir vonbrigðum.

Einkennin hurfu á einum og hálfum mánuði

„Sonur minn greindist níu ára gamall (2006) með Tourette's taugaröskun sem er talin ólæknandi. Þetta var farið að há honum mikið: kippirnir, kækirnir, sérkennilegu hljóðin sem fylgja og síðan þráhyggjan. Vinirnir fuku og sorgin var mikil. Lyf geta ekki læknað Tourette's en halda aðeins einkennum niðri og með mjög misjöfnum árangri. Við leitum þvi til náttúrulækninga og með breyttu mataræði, bætiefnum, hreyfingu og lífsstílsbreytingu s.s. skertu skjáglápi o.fl. hurfu einkennin á um 1,5 mánuðum,“ segir Heiða Björk.

Nánar má lesa um aðferð Heiðu við að fjarlægja einkennin af Tourette's, á vef hennar heidabjork.com undir Fræðslu.

Fór í frekara nám til að hjálpa öðrum

Eftir þennan góða árangur byrjuðu aðrir að leita ráða hjá Heiðu svo hún vatt sér í þriggja ára nám í næringarþerapiu til Bretlands, til að verða hæfari til að veita ráðgjöf um næringu og heilsu. „Til að svara enn frekar þorstanum í aukna þekkingu á austurlenskum vísindum skellti ég mér síðan í kennaranám í Kundalini-jóga. Þetta tvennt, næringarþerapían og jógað vinnur ljómandi vel saman, þar sem öndunaræfingar, hugleiðsla og vissar æfingar styrkja mjög ónæmiskerfi, innkirtlakerfi og taugakerfi.“

Jók við sig þekkingu í Ayurveda

„Ég hef einnig verið að bæta við mig þekkingu á indversku Ayurveda-heilsuvísindunum, til að geta betur skoðað einstaklinginn og hvað hentar hverjum og einum. Samkvæmt Ayurveda erum við samsett úr þremur mismunandi orkulíkamsgerðum þar sem ein til tvær eru vanalega ríkjandi hjá hverjum og einum. Orkulíkamsgerðirnar flokkast síðan í undirorkugerðir og samsetn-

ingarmöguleikarnir eru óendanlegir, enda eru engir tveir einstaklingar eins. Þá er mismunandi hvaða mataræði og lífstíll hentar hverjum og einum eftir því hver grunngerðin er. Ayurveda-fræðin geyma risavaxið kerfi utan um þessar grunngerðir og hvað skal gera til að halda þeim í jafnvægi og stuðla að góðri heilsu. Ég byrjaði að nota sérstakan Ayurveda-heilsugreini fyrir nokkrum mánuðum síðan sem mælir grunnorkulíkamsgerðirnar út frá pulsi. Með tækinu mæli ég einnig streitu í líkamanum og heildarorku. Þetta er aðferð sem hefur verið notuð í Rússlandi til að fylgjast með líkamsástandi geimfara sem er ótrúlega spennandi!“

Mælir með að slaka ærlega á kerfinu

Heiða lærði ennfremur yoga nidra-tæknina sem þýðir jógískur svefn, en þar er fólk leitt inná við og djúpt niður í undirvitundina til að ná fullkominni slökun. Aðferðin losar um taugaspennu og rannsóknir hafa sýnt fram á mikil áhrif á flæði hormóna, taugaboðefna og vöðvaslökun. Hún segir fólk finna mikinn mun á verkjum og svefni, svo ekki sé minnst á jákvæðu áhrifin á konur sem eiga við vandamál að stríða á breytingarskeiði. Í þeim tilfellum segir hún að vissar jurtir virki eins og galdur í bland við reglulega ástundun á jóga nidra-djúpslökun. „Ég hef fundið miklar jákvæðar breytingar á sjálfri mér þar sem ég sjálf er á þessu stórkostlega breytingarskeiði sem getur verið hinn æsilegasti rússibani. Ég hef líka fundið á eigin heilsu hversu jákvæð áhrif það hefur á mig og minn sjúkdóm (lungnaslagæðarháþrýstingur) að slaka ærlega á kerfinu.“

Fólk kemur í ráðgjöf til Heiðu vegna mismunandi heilsufarsvandamála; sumir leita aðstoðar vegna meltingarvanda og aðrir vegna orkuleysis, húðvanda eða háþrýstings. Margir glíma við afleiðingar mikillar, langvarandi streitu sem getur valdið þunglyndi, orkuleysi og kvíða. „Fólk þarf að huga að því að veita líkamanum þau efni sem oft skortir eftir langvarandi streitutímabil, s.s. magnesíum, B-fjólívítamín og C-vítamín. Vissar jurtir geta stutt nýrnaheitturarnar til að þola álag betur, en það eru þær sem eru undir mestu álagi vegna streitu, því þær þurfa þá að framleiða streituhormónin adrenalin og cortisol í stórum skömmtum og oft til lengri tíma.



Langvarandi streita hefur einnig mjög neikvæð áhrif á skjaldkirtil og ýmis efni sem við fáum í okkur úr mat og drykk geta skaðað hann. Þetta er allt hægt að skoða með aðferðum næringarþerapiu og gera æfingar sem styrkja nýrnaheittur og skjaldkirtil. Ráðgjöf mín felur ekki bara í sér næringarráðgjöf og jurta- og bætiefnanotkun, heldur mæli ég einnig með vissum lífsstílsbreytingum, æfingum, hugleiðslu og öndunaræfingum. Svo mæli ég oft með vissum ilmkjarnaolium til að ná fram ákveðnum áhrifum. Áhrifin af mataræði, bætiefnum, jurtum, jóga og slökun eru svo stórkostleg á heilsu okkar að helst vildi ég að allir prufuðu á sjálfum sér, sérstaklega þeir sem þjást af einhverjum heilsufarskvillum.“

Heilsudekursferðir til Malaga


Heiða er nú byrjuð að bjóða upp á heilsudekursferðir til Malagahéraðsins á Spáni. „Ég vildi sameina áhuga minn á náttúru, heilsugeiranum og spænskri menningu og leyfa öðrum að njóta með mér. Fyrsta ferðin var núna í byrjun júní og tókst frábærlega. Við stunduðum jóga, hugleiðslu og slökun úti í guðsgrænni náttúrunni, umvafin náttúruhljóðum og frísku lofti í fjöllum Malagahéraðs. Við fórum í gönguferðir, böðuðum okkur í tæru uppsprettuvatni og nutum góðs félagsskapar. Við slepptum örvandi drykkjum s.s. afengi

og kaffi á meðan á dvölinni stóð og borðuðum næringarríka grænmetisfæðu að miklu leyti lifrænt ræktaða úr héraði. Maturinn var dásamlega bragðgóður og nærandi og laus við gluten, kúamjólk og viðbættan sykur. Það þurfti enginn að hafa áhyggjur af stifluðum meltingarvegi eins og svo oft er þegar fólk fer erlendis í fri. Þetta verður klárlega endurtekið aftur næsta ár í júní og aftur í október. Þeir sem vilja skrá sig mega hafa samband við mig í vefpósti, heida@heidabjork.com.“

Námskeið í Heillandi hug og Systrasamlaginu

Heiða hefur haldið námskeiði í heilsu- og fræðsluáttir Heillandi hug í Hlíðasmára í Kópavogi. „Ég reyni að samræma jóga og næringarráðgjöf á námskeiðunum mínum og býð því upp á hreinsandi og uppbyggjandi safu eða aðra hollustu í bland við stutta fræðslufyrirlestra, jóga, hugleiðslu og slökun. Eitt slíkt námskeið hefst 24. júní og stendur yfir í viku og annað þann 1. júlí. Einnig hef ég verið með stutt kvöldnámskeið hjá Systrasamlaginu um áhrif næringar og lífstíls á andlega og líkamlega heilsu eða um gerð kefirs og kombucha sem eru stórkostlega heilsueflandi góðgerladrykkir,“ segir Heiða og býður alla velkomna á námskeið hjá sér.

Nánari upplýsingar má nálgast á heidabjork.com ■



NÚS/NÚS:

Heiðarlegt handverk og náttúrulúxus frá Marokkó

Ein skemmtilegasta verslun á Íslandi, NúsNús, býður upp á gullfallegar vörur frá Marokkó og er staðsett á Höfðanum í Reykjavík. Verslunin er fjölskyldufyrirtæki í orðsins fyllstu merkingu. „Við förum af stað með þessa verslun í samstarfi við dóttur okkar, Birtu og Othman, manninn hennar. Þau búa núna í Marokkó með sína tvö tívura til þess að geta sinnt innkaupum. Við kynntumst handverki Marokkómanna í gegnum þau og okkur datt í hug að Íslendingar kynnu einnig að meta þessa fallegu muni,“ segir Sigríður Þóra.

Með tívurana á bakinu

Undirbúningurinn byrjaði fyrir þremur árum þegar Birta og Othman ferðu uðust um Marokkó þvera og endilanga með eldri tívurastelpurnar á bakinu. Þau fóru á milli framleiðenda og listamanna og fylgdust með þeim búa til fallega handgerða muni, sem einkenna marokkóska menningu. „Við kolféllum fyrir handbragðinu, gerðum bein viðskipti við framleiðendurna og höfum innflutning á þessum dásamlegu vörum.“



Hamingjuverð!

„Allar vörur í versluninni eru handunnar úr náttúruvefnum og það er ekki leiðinlegt að vera umkringdur svona einstökum vörum alla daga,“ segir Sigríður Þóra. „Okkar metnaður liggur í því að versla beint við framleiðendur. Það tryggir að handverksfólkið fái sanngjarnt verð fyrir vöruna. Þar sem við verslum flestallt milliliðalaust og leggjum eins litid á og hægt er, þá náum við að halda verðinu sanngjörnu. Við köllum þetta „hamingjuverð“ því það er enginn að okra á neinum.“



100% náttúrulegar snyrtivörur

„Við flytjum einnig inn náttúrulegar olíur og krem frá Marokkó. Til að mynda 100% hreina arganolíu (Argania spinosa). Sjálf nota ég hana óspart enda má skipta henni út fyrir svo margar aðrar snyrtivörur. Hún kemur í staðinn fyrir andlitshreinsi, hárnæringu, andlitsskem, líkamsskem og margt annað. Einnig erum við með 100% hreint sheasmjör frá Malí, unnið úr hnetu sheatrésins (Vitellaria paradoxa). Hrein guðsgjöf fyrir þurra húð og exem. Hana nota ég líka í hárið.“

Að vökva húðina með kaktusfræjaolíu

„Svo má ekki gleyma kaktusfræjaolíunni. Hún er unnin úr fræjum kaktustegundar (Opuntia ficus indica) sem vex í Marokkó en það er magnað að segja frá því að kaktusfræjaolían inniheldur 150% meira E-vítamín en t.d. arganolía sem telst með bestu olíum



heims. Hún hentar því einstaklega vel á húð sem er að eldast.

„Við höfum fengið að kynna þessu stórkostlega landi í gegnum tengdason okkar og dóttur og njótum þess að fá að fara reglulega í heimsókn til að sjá barnabörnin og skoða fallegt handverk.“

Nánari upplýsingar og vefverslun má finna á nusnus.is

Instagram: nusnusihs

Facebook: nús/nús

Funahöfði 17a, 110 Rvk.

Sími: 566-8682, 660 7667

Netpóstur: nusnus@nusnus.is ■



MAUR.IS VERKTAKAÞJÓNUSTA Á NETINU:

Og þú munt aldrei týnast í frumskóginum

Maur.is er stórsniðug vefsíða sem tengir saman verktaka og fyrirtæki eða einstaklinga sem þurfa á þjónustu verktaka að halda. „Í náttúrunni eru maurar pínulítill skordýr sem varla sjást, en eru þó hörkuduglegir. Vinnumaurarnir sem skráðir eru á síðunni eru að sama skapi dugnaðarforkar en við sjáum að auki til þess að þeir séu sýnilegir þannig að það sé auðvelt og einfalt fyrir viðskiptavinum að leita til þeirra þegar á þarf að halda,” segir Ilmur Sæmundsdóttir, einn stofnandi Maur.is.

Ekki bara fyrir málara og múrara

„Við viljum hafa fjölbreytt úrval af verkþingum eða svokölluðum vinnumaurum á síðunni. Maur.is er ekki bara fyrir iðnaðarmenn eins og málara og múrara, heldur er síðan fyrir alla sem hafa upp á einhverja þjónustu að bjóða. Þar getur þú fundið förðunarfræðinga, smíði, hönnuði, textahöfundu, pípulagningamenn, þjóna fyrir veislur og margt fleira,” segir Ilmur.

Þú þarft ekki að týnast í frumskóginum

„Ég hef sjálf lent í því að leita að förðunarfræðingi fyrir árshátið og það er frumskógur þarna úti af snyrtifræðingum, förðunarfræðingum, make up-artistum með og án prófs og margt fleira. Fyrir leikmann er ekkert grín að rata í gegnum þetta skógarþykki með milljón glugga opna á internetinu. Á maur.is geturðu auðveldlega fundið verktaka sem býður upp á þá þjónustu sem þú leitar að. Viðskiptavinir gefa svo umsögn og stjórnur í lok hvers verkefnis og því er auðvelt að taka upplýsta ákvörðun. Einnig fáum við alla pappíra á hreint. Ef verktaki er með vottun eða próf í sínu fagi, þá sannreynum við það og það birtist um leið og leitað er að viðkomandi á maur.is. Við öftrum þó engum að skrá

sig sem vinnumaur þó hann sé ekki með próf. Fólk getur verið hæft og með starfsreynslu þó það sé ekki með menntunina. En það skráir sig enginn undir lögvernduðu starfsheiti nema að hann geti sýnt fram á prófskirteini.“

Auðvelt fyrir báða aðila

„Maur.is auðveldar ekki bara þeim sem vilja kaupa þjónustu leitina heldur einfaldar einnig vinnuna fyrir verktakann. Verktaki þarf ekki að vera meðlimur í mörgum mismunandi facebookhópum til þess að reyna að næla sér í verkefni eða eyða tíma og peningum í auglýsingar og fleira. Hjá maur.is sjáum við um að vinnumaurinn okkar sé sýnilegur á samfélagsmiðlum og það eina sem hann þarf að hugsa um er að taka að sér verkefni og vinna þau.“ Maur tekur enga prósentu af unnum verkefnum! Þeir sem vilja vera á síðunni skrá sig í áskrift og eftir það eru engin aukagjöld.

Sýnileg þjónusta

Maur.is er tengt við Google ads. Þegar tilvonandi viðskiptavinur leitar að

ákveðinni þjónustu á Google, þá koma upp valmöguleikar frá maur.is. Það er ein af mörgum leiðum sem maur.is notar til að gera vinnumaura sína sýnilega. „Þegar þú skráir þig inn á maur.is geturðu valið um stóran eða lítinn pakka. Stóri pakinn felur í sér aukinn sýnileika á Facebook. Þá fær aðillinn eina auglýsingu á Facebook í mánuði. Hægt er svo að borga aukalega til þess að fá fleiri auglýsingar og láta okkur „bústa“ eða auka sýnileika auglýsingarinnar og fleira.“

Hver og einn skapar sér orðspor

„Það er svo aukakostur sem fylgir svona fyrirkomulagi. Vefsíðan mun auðvelda Íslendingum af erlendum uppruna að koma sér á framfæri hér á landi. Maður leitar ósjálfrátt í þjónustu frá þeim sem talar sama tungumál og maður sjálfur, en það er fullt af hæfileikaríkum verkþingum þarna úti af erlendu bergi brotnir sem margir lita framhjá. Hjá maur.is getur hver sem er skapað sér gott orðspor út frá vel unnum verkum og því aukið líkurnar á því að verða fyrir valinu hjá næsta

viðskiptavini.“

Skráðu þig núna og þú gætir verið á leiðinni til Milanó í sumar!

„Við hvetjum alla sem geta bætt við sig aukaverkefnum til þess að skrá sig á maur.is. Það er frítt að skrá sig fram í enda júlí. Eftir það ætlum við að fara í stóra markaðsherferð og auglýsa vel hið fjölbreytta starfslið sem verður komið inn hjá okkur.

Við erum einnig með gjafaleik í gangi þar sem einn áskrifandi er dreginn út á næstu vikum og fær í verðlaun flug fyrir tvo til Milanó með Heimsferðum. Það er um að gera að skrá sig sem allra fyrst til þess að missa ekki af þessum frábæra vinningi. Ég hef fulla trú á að fólk verði duglegt að skrá sig svo við getum byggt upp frábæran gagnagrunn af verkþingum með fjölbreytta starfsreynslu og kunnáttu,” segir Ilmur.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni maur.is

Facebook: Vinnumaur. Þess má geta að þar er í gangi Facebookleikur. ■



MAUR

RÓM VAR EKKI BYGGÐ AF EINUM MAUR



Fyrirtækjaáskoran lokið, allir sáttir með glæsilegan árangur.

Hágæða fæðubótarefni sem gera gott betra – Þín markmið – Þín grein

Verslunin Leanbody hefur verið starfrækt í tæp 4 ár. Fyrst var verslunin staðsett í Hafnarfirði en er núna í Síðumúla 11. „Við höfum það að markmiði að þjónusta sem flesta hópa samfélagsins. Hvort heldur sem um ræðir íþróttafólk, fólk í almennri heilsurækt eða fólk sem vill einfaldlega láta sér líða betur. Hjá okkur færðu faglegar ráðleggingar í vali á þeim vörum sem hentar þér best. Við hlustum á viðskiptavininn, spyrjum spurninga til að fá betri innsýn í það hvað hentar viðkomandi best. Einnig getum við meðal annars vísað viðskiptavinum á þjálfara af báðum kynjum sem við vinnum með. Þetta eru þjálfarar sem við þekkjum og berum traust til. Við leggjum mikla áherslu á að upplýsa viðskiptavini okkar sem mest um vörurnar, hvenær og hvernig eigi að nota þær til að árangurinn sé sem bestur,” segir Agnes Kr. Gestsdóttir, eigandi Leanbody.

„Á þessum tíma höfum við fengið mikið af jákvæðum póstum og árgangursmyndum frá ánægðum viðskiptavinum og frá fólki sem hefur náð frábærum árangri með hjálp Leanbody-varanna. Það er það sem gerir þetta starf svo skemmtilegt. Til okkar leitar allskonar fólk og við ráðleggjum því eftir bestu getu. Ef við getum hjálpað á einhvern hátt þá er markmiði okkar náð. Fyrir summa er stórt skref að ganga inn í svona búð og við skiljum það vel. En það besta og skemmtilegasta við starfið mitt er þegar fólk kemur svo aftur með árangursögur, það gerir mig bara svo glada,” segir Agnes.

Mikilvægt er að vera ánægð/ur í eigin skinni

Hvert sem markmiðið þitt er þá skiptir mestu máli að líða vel í eigin skinni. Það er engin töfralausn til, þetta er allt samspil nokkurra þátta. T.d það að stunda hreyfingu, borða hollt, huga að góðum nætursvefni og andlegu hliðinni spilar allt stóran þátt í auknum árangri og almennri vellíðan. Ekkert fæðubótarefni eitt og sér

breytir öllu, þess vegna er mikilvægt að hafa það hugfast að fæðubótarefni gera einungis gott betra, þau hjálpa til. Þau geta hraðað árangri og endurbata, gefið orku, aukið úthald og styrk. „Ég hef séð magnaðan árangur hjá fólki sem byrjar t.d. á að nota fatburner og antibloat til að koma sér af stað. En vissulega er ALLTAF skjótari árangur ef hreyfing er stunduð samhliða inntöku fæðubótarefna. Þó einungis sé um að ræða stuttar gönguferðir, heimaæfingar eða jóga. Allt er þetta spurning um hvað hentar viðkomandi best, öll hreyfing telur. Ekkert fæðubótarefni kemur í staðinn fyrir heilbriggt og hollt matarræði.“

Að setja sér raunhæf markmið

Öll viljum við sjá árangur sem fyrst og það er það sem verður fólk oftast að falli þegar það byrjar í átaki. Algengt er að fólk fari of geyst af stað og endar með því að gefast upp. Tölur hafa sýnt að meira en 25% fólks sem setur sér markmið í byrjun árs fellur í fyrstu vikunni. Og meira en helmingur allra sem setja sér markmið fyrir allt árið í byrjun janúar falla á þeim innan 6 mánaða, það er magnað! Það er oft sagt að það taki 4 vikur fyrir fólk að taka sjálft eftir breytingum, 8 vikur fyrir vini og vandamenn og 12 vikur fyrir alla hina. Settu þér raunhæf markmið, minni markmið um það hvernig þú ætlar að ná því stóra, þannig kemstu nær því og þar með aukast líkurnar á að ná því,” segir Agnes og bætir við:

„Þetta er langhlaup sem verður að lífstíl, þetta tekur tíma, gefðu þessu tíma!“

Fyrirtækjaáskoranir

„Við höfum tekið að okkur fyrirtækjaáskoranir þar sem við komum inn í fyrirtæki stór sem smá með það að markmiði að hvetja fólk til heilbrigðs lífens, stunda meiri hreyfingu, gefum ráðleggingar og hvatningu. Með okkur mæta einkaþjálfarar af báðum kynjum sem mæla starfmenn í



Agnes, eigandi Leanbody ehf.

byrjun átaksins og síðan aftur í lokin. Markþjálfari aðstoðar við markmiðasetningu og svo auðvitað ráðleggjum við um val á fæðubótarefnum ef fólk vill. Þetta hefur gengið mjög vel og dæmi er um að heilt fyrirtæki hafi misst tæplega 255 kg og 522 cm á 8 vikum. Ávinningurinn af svona átaki er gríðalegur, fyrst og fremst fyrir starfsmanninn sjálfan en einnig fyrir vinnuveitandan. Allt þetta skilar sér í bættri heilsu, betri líðan og færri veikindadögum.“

Að lokum

Á heimasíðunni okkar leanbody.is geturu lesið allt um vörurnar okkar, haft beint samband við okkur, þjálfara og/eða lesið þér til fróðleiks. Við hvetjum alla til að kíkja á okkur í Síðumúla 11. Við tökum vel á móti ykkur.

Einnig erum við mjög virk á samfélagsmiðlum. Fylgstu með okkur á Instagram: leanbody.is, facebook: Leanbody.is og snapchat: leanbody.is.

Opnunartími Leanbody er: Allir virkir dagar 11:00-18:00. Laugar dagar 12:00-15:00. ■





Íslenska Flatbakan í Mathöll

Íslenska Flatbakan er fjölskyldurekinn veitingastaður sem var stofnaður árið 2015. Íslendingar eru greinilega komnir á bragðið því fyrirtækið opnaði nýverið nýtt útibú í Mathöllinni á Höfða og hefur verið nóg að gera hjá pizzugerðarmeisturum Íslensku Flatbökunnar í bæði Bæjarlind og Bíldshöfða.

„Það hefur farið vel af stað hjá okkur í Mathöll Höfða. Stemningin er frábær og er húsið venjulega fullt í hádeginu og stöðugur straumur á kvöldin. Við finnum að fólk er að fíla að geta komið og sumir fá sér pizzur á meðan aðrir eru skella sér á annan stað,“ segir Guðmundur Gunnlaugsson, meðeigandi á Íslensku Flatbökunni.

Íslenska Flatbakan: Allur skalinn í hollustu

Pizzur þurfa ekki að vera óhollar og á Íslensku Flatbökunni er boðið upp á mikið úrval af hollum pizzum. Allar pizzurnar eru úr súrdegi og eru einstaklega léttar í maga. Í Bæjarlindinni er einnig í boði glúteinskertur pizzubotn fyrir þá sem eru með glúteinóþol. En þeir sem vilja halda sínum pizzum vel hlöðnum af alls konar áleggjum geta alltaf treyst því að þeir verða ekki fyrir vonbrigðum því flestar pizzurnar á matseðlinum eru vel útiláttnar.



Tvær vinsælustu pizzurnar eru:

Sú Döðlaða: Súrdeig, pizzasósa, ostur, pepperoni, beikon, döðlur, rauðlaukur og rjómaostur og svartur pipar.

Sú Kjótaða: Súrdeig, pizzasósa, ostur, skinka, pepperoni, hakk, pip-

arostur, rjómaostur, oregano og svartur pipar.

Gegguð tilboð í hádeginu:

Pizza með 2 áleggjum og gos á aðeins 1.990 kr.

Pizza af matseðli á aðeins 2.200 kr.

Íslenska Flatbakan er til húsa að Bæjarlind 2 í Kópavogi og í Mathöll á Höfða, Bíldshöfða 9, 109 Reykjavík. Matseðil og fleiri upplýsingar er að finna á vefsíðunni flatbakan.is. Sjá einnig Facebook-síðuna: **Íslenska Flatbakan.** ■



SÚ DÖÐLAÐA

SÚRDEIG
PEPPERONI
DÖÐLUR
RAUÐLAUKUR
BEIKON
RJÓMAOSTUR
SVARTUR PIPAR



SÚ KJÖTAÐA

SÚRDEIG
SKINKA
PEPPERONI
STERKT PEPPERONI
HAKK
PIPAROSTUR
RJÓMAOSTUR
OREGANO
SVARTUR PIPAR



ÁFERÐ ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU:

Aurum skartgripir eru umhverfisvænir og fallegir

Bankastræti 4 býr sannkallaður eðalsteinn, en þar er til húsa skartgripaverslunin Aurum. Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir er hönnuður þessara fallegu skartgripalína, sem sækir innblástur sinn til íslenskrar náttúru. Verslunina Aurum eiga þau Guðbjörg og Karl Jóhann Jóannsson saman.

Aurum um allan heim

Skartið frá Aurum hefur vakið heimsathygli, og hlotið lofsamlega dóma hjá ferðavisum á borð við Condé Nast Traveler, Lonely Planet og tískutímaritunum Elle og Vouge. Þá má fylgjast með framgangi Aurum í tískuheiminum á sérstöku bloggi á heimasíðu verslunarinnar.

Allir gripir Aurum eru handsmíðaðir á Íslandi, en um 50 sölustaðir víða um heim hafa á boðstólum skart frá fyrirtækinu. Meðal þeirra landa þar sem hægt er að nálgast vörur frá Aurum eru Bretland, Bandaríkin, Ástralía og Kína auk Norðurlandanna, en lista yfir söluaðila má finna á aurum.is. Þar er að auki rekin vönduð vefverslun sem sendir vörur um allan heim í vönduðum umhverfisvænum gjafaumbúðum.

Alúð, Umhyggja, Raunsæi, Umhyggja og Metnaður

Aurum er latneska orðið yfir gull. Gildi fyrirtækisins, Ambition, Understanding, Responsibility, Unity and Mindfulness mynda síðan orðið með upphafsstöfum sínum. Á íslensku gætu þau útlagst sem Alúð, Umhyggja, Raunsæi, Umhyggja og Metnaður. Þessi gildi hafa verið leiðarljós hönnuðarins,

Guðbjargar, frá upphafi, en hún stofnaði fyrirtækið árið 1999.

Guðbjörg segir starf Aurum einkennast af markvissri vörubrúun með áherslu á umhverfisvernd. Einungis endurunnir góðmálmur eru notaðir í skartgripina frá Aurum auk vottaðra eðalsteina. Þá hefur Guðbjörg gert tilraunir með náttúruleg efni sem annars færu í glatkistuna, og meðal annars unnið með hreindýraklaufir í hönnun sinni.

Þá eru allar gjafaumbúðir fyrirtækisins unnar úr blöðum mórberjatrjáa, sem ekki þarf að fella til pappirsvinnslu.

Áferð íslenskrar náttúru

Hönnun skartgripanna hjá Aurum hefur frá upphafi sótt innblástur til íslenskrar náttúru. Guðbjörg segir að með árunum hafi hún fengið meiri áhuga á áferð málmanna, og þess sjáist merki í skartinu. Hver ný lína sé einstök og löng hönnunarvinna liggur að baki.

Nýjasta línan, RAN, en innblásin af norrænu sjávargyðjunni og einkennist af mjúkum formum, hvössum línunum, ljósi og skuggum. Þá býður Aurum uppá einstaklega fallega brúðkaupslínu, auk mikils úrvals af alhliða handgerðum skartgripum, þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Aurum by Guðbjörg
www.aurum.is
Bankastræti 4, 101 Reykjavík.
Sími: 551-2770

Netfang: info@aurum.is eða á facebookmessenger. ■



„Það sem okkur finnst vera rólegt er eiginlega alltaf aðeins of hratt“

Góð ráð um hvernig á að verða góður hlaupari ■ Kemst ekki langt á ketó

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Arnar Pétursson, maraþonhlaupari flakkar í sumar á milli hlaupahópa um allt land í samstarfi við Íslandsbanka. Arnar er 28 ára og hefur æft hlaup í átta ár. Hann hefur 25 sinnum orðið Íslandsmeistari í hlaupi og árið 2017 varð hann Íslandsmeistari í níu mismunandi hlaupagreinum. Arnar er nýjasti gestur hlaðvarpsþáttar dægurmála-deildar DV, föstudagsþáttarins Fókus, þar sem hann gefur góð ráð þeim sem vilja byrja að hlaupa eða bæta sig í íþróttinni.

Arnar æfir hlaup sem atvinnumaður í dag og er meðfram því að skrifa hlaupabók sem mun heita Hlaupahand-

bókin. Eins og nafnið gefur til kynna inniheldur bókin alls kyns fróðleik er varðar hlaup. Arnar æfði bæði körfu- og fótbolta á yngri árum, en hvers vegna skipti hann úr hópíþrótt yfir í hlaup?

„Það er skemmtileg saga. Þegar ég var sextán ára hljóp pabbi minn maraþon. Hann er enginn sérstakur hlaupari þannig séð, samt flottur. Ég ætlaði þá að hlaupa sjálfur en komst að því að ég varð að vera átján ára til að hlaupa maraþon í Reykjavíkumaraþoninu. Þegar ég var átján ára hafði ég tíma til að fara og ég skráði mig með tveggja vikna fyrirvara. Ég hafði aldrei hlaupið lengra en tíu kílómetra. Ég hugsaði að þetta gæti ekki orðið það erfitt fyrst pabbi gat gert þetta. Þegar

ég sagði fjölskyldunni frá því fór allt í panikk. Það var eins og ég væri að fara í fallhlífarstökk án fallhlífar. Ég hljóp í þessu hlaupi og endaði á því að vera í öðru sæti af Íslendingum og slá eitthvað þrjátíu ára gamalt Íslandsmet. Tveimur árum seinna prófaði ég að æfa heilt sumar fyrir þetta og þá endaði ég á að vinna Reykjavíkumaraþonið. Þá var ekki aftur snúið.“

Arnar segist hafa verið haldinn miklum fordómum gagnvart hlaupi, talið þetta einhæfasta og leiðinlegasta sport veraldar – þá sérstaklega út af sárum æskuminningum þar sem hlaup voru notuð sem refsing á æfingum í hópíþróttum.

„En vá, þetta er svo miklu fjölbreyttara en ég hélt og hundrað sinnum meira gefandi en ég

gat ímyndað mér. Þetta er líka svo einfalt því maður þarf í raun bara hlaupaskó til að fara af stað.“ ■



„Það var eins og ég væri að fara í fallhlífarstökk án fallhlífar.“

Góð ráð fyrir hlaupara

Góð uppbygging

„Ef þú ætlar að byrja að hlaupa núna og æfa fyrir hlaup, byrjaðu þá á tveimur vikum þar sem þú ert bara að taka rólegt skokk og þegar þú ert að taka rólegt skokk, hægðu þá á þér þó þér finnst þú vera að fara of hægt. Farðu eins hægt og þú mögulega getur fyrstu tvær vikurnar. Ef þér líður vel geturðu farið oftar út að hlaupa og síðan geturðu sett meira inn í prógrammið.“

Ekki hægt að fara of hægt

„Rólegt skokk er hægara en þú heldur. Það sem okkur finnst vera rólegt er eiginlega alltaf aðeins of hratt. Stór lykill í velgengni er að hlaupa nógu rólega því það er erfitt að hlaupa nógu hægt. Þó þú sért skrefi fyrir ofan labb ertu að gera ótrúlega mikið fyrir líkamann,“ segir Arnar, en í hlaupaprógrömmum er oft talað um að taka daga inná milli þar sem á að skokka rólega. Hann mælir því alls ekki með því að hlaupa alltaf á sniglahraða.

Hlaupastíllinn

„Allur líkaminn tekur þátt í hlaupinu. Þú vilt helst vera með einhvern sem þekkir til til að sjá hvernig þú ert að beita þér og sem getur gefið þér ráð. Síðan viltu vinna alltaf í einum hlut í einu. Nota fjóra til sex mánuði til að hugsa um einn hlut til að bæta því þú vilt að þessi hlutur verði ósjálfráður.“

Andlega hliðin

„Á erfiðum æfingum koma alls konar veggir. Það verður erfitt. Hvernig ætlarðu að bregðast við mótlætinu? Stór partur af því hvernig við aukum þrautseigjuna er að átta okkur á

því að það verði mótlæti. Ef þú áttar þig á því kemur ekkert á óvart. Til dæmis ef þú veist að það er brekka í hlaupinu þá ættirðu að ákveða hvað þú ætlar að gera þegar mótlætið kemur. Þegar brekkan kemur ætlarðu að hugsa um að taka fleiri skref, því ef við tökum færri skref þá erum við að festast í brekkunni.“

Hlaupahópar

„Hafðu einhvern með þér í því sem þú ert að gera, það hjálpar þér út úr dyrunum.“

Mataræði

„Það sem er erfitt með svona ráðleggingar með mataræði

er að þetta er oft svo einstaklingsbundið. Sumir þurfa að borða fjórum tímum fyrir hlaup, aðrir þurfa að borða 45 mínútum fyrir hlaup. Nokkrar matartegundir eru slæmar. Að fá sér steik eða rautt kjöt er ekki gott rétt fyrir hlaup. Oft er ekki gott að fá sér mikið grænmeti rétt fyrir hlaup, en eftir hlaup er það mjög gott. Kolvetni er grunnorkugjafinn í hlaupum. Þú ert ekki að fara að ná langt og verða góður langhlaupari á ketó. Það er bara bull, því miður.“

Hjálpa til við að bjarga konum úr kynlífsprælkun

Gerður og Jakob ferðast um heiminn og gera góðverk

Aníta Estíva Hardardóttir
anita@dv.is



Athafnakonan og verslunareigandinn Gerður Huld Arinbjarnadóttir er um þessar mundir stödd á flakki um heiminn ásamt kærasta sínum Jakobi Fannari Hansen. Párið hefur í dagóðan tíma heillast af markþjálfanum Tony Robbins og hafa þau setið nokkur námskeið hjá honum víðsvegar um heiminn.

Á dögunum fékk parið boð um að mæta í viðburð í Amsterdam sem einungis hundrað manns á vegum Tony Robbins fengu boð í.

Viðburðurinn var haldinn til styrktar samtökunum „Free a Girl“ sem var stofnað árið 2008 með það að markmiði að frelsa ungar stúlkur sem hafa verið hnepptar í kynferðislegt þrælahald.


„Þetta er sem sagt viðburður sem er haldinn fyrir plat-

inummeðlimi hjá Tony Robbins. Hundrað manns var boðið að mæta og fengum við tækifæri til þess að styrkja þetta málefni og hjálpa til við að bjarga konum úr kynlífsprælkun. Það kostar þúsund dollara að bjarga einni konu og sjá henni fyrir menntun til þess að geta hafið nýtt líf,“ segir Gerður í samtali við blaðamann.

Samkvæmt gengi eru þúsund dollarar tæplega 125 þúsund krónur. Markmið samtakananna er að opna augu fólks fyrir því hversu algeng kynlífsprælkun barna er, bjarga þeim úr erfiðum aðstæðum og sjá þeim fyrir menntun og almennilegum lífsgæðum. ■



Tímarvélín



Gamla auglýsingin

Vísir 16. ágúst 1966

SKAGFIRSKAR RÆTUR RONALDS REAGAN

Launsyni komið í fóstur ■ Kirkjubækur lokaðar

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Sá orðrómur að Ronald Reagan hafi verið af íslenskum ættum, eða nánar tiltekið af skagfirskum ættum, komst reglulega í umræðuna á síðustu öld. Til dæmis í kringum leiðtogafundinn í Höfða árið 1986. En ekkert fékkst staðfest í þeim efnum. Orðrómurinn var ekki úr lausu lofti gripinn heldur sneri hann að faðerni Reagan. Það er að hann væri hugsanlega launsonur Íslendinga sem flutti vestur og lék í Hollywood-vestrum, líkt og Reagan sjálfur gerði.

Leikarinn sem varð forseti

Ronald Reagan þarf varla að kynna. Hann var einn af áhrifamestu forsetum Bandaríkj-

anna á síðustu öld og sat í embætti árin 1981 til 1989. Hann er talinn helsti hvatamaður að nýfrjálshyggjubylgjunni á níunda áratugnum ásamt Margréti Thatcher, forsætisráðherra Bretlands. Haft var á orði að hann hafi síðustu embættisár sín verið með Alzheimer's sjúkdóminn og aðrir í raun stjórnað bak við tjöldin.

Áður en Reagan var kjörinn forseti var hann ríkisstjóri Kaliforníufylkis, árin 1967 til 1975. Þar áður var hann Hollywood-leikari um áratuga skeið. Hann lék í mörgum svokölluðum B-kvikmyndum og vestrum og þótti sjálfur ekki besti leikarinn en hann náði samt töluverðri frægð á því sviði. Auk þess var hann giftur Óskarsverðlauna-leikkonunni Jane Wyman, áður en hann giftist Nancy Reagan sem sat sem fyrsta frú.

Bill Cody

Faðir Ronalds Reagan, að minnsta kosti á pappírnum, var maður að nafni Jack Reagan. Hann var farandssölumaður og starfaði einnig í verslun í bænum Tampico í Illinois-fylki. Jack lést aðeins 57 ára gamall árið 1941 úr hjartaáfalli. Móðir Ronald hét Nelle Wilson, kirkjurækin húsmóðir, sem lést árið 1962. Jack, Nelle og synir þeirra þrír fluttu oft vegna starfa Jack og voru ekki mjög efnuð. Þau voru bæði af írskum ættum.

Inn í söguna kemur maður að nafni Bill Cody. Nánar tiltekið William Joseph Cody Jr. Enn nánar tiltekið Páll Pálsson Walters. Cody var líkt og Ronald B-myndaleikari í Hollywood. Hann hóf feril sinn árið 1922 sem áhættuleikari og fékk fastan samning hjá fyrirtækinu Independent Pictures árið 1924.

Cody lék mestmegnis í vestrum, bæði þöglum og eftir að hljóðmyndir komu til sögunnar. Á fjórða áratugnum hóf hann að ferðast um og skemmta á ródeóhátíðum víðs vegar um Ameríku.

Bill Cody Vestur-íslensk Hollywoodstjarna.



Ekki er mikið vitað um æsku Cody en hann var sonur hjónanna Páls Valdimars Eiríks-

sonar og Bjargar Jónsdóttur úr Skagafirði. Þau fluttu til Kanada árið 1887 eins og svo margir Ís-

Skagfirskur kvikmyndaleikari.

Bill Cody.

Eftir Halldór Kúljan Laxness.



REYKJAVIK
RAINCOATS

LAUGAVEGI

62

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ



B-myndastjarna
Samkvæmt orðrómunum kom Bill Cody syni sínum á framfæri.

lendingar og tóku upp ensk nöfn. Páll tók upp nafnið Páll Walters en hann dó árið 1891, aðeins hálfu ári eftir að Cody, eða Páll Pálsson Walters, fæddist í Winnipeg-borg.

Viðtal Halldórs Laxness

Íslendingar sýndu hinum Vestur-Íslenska kúreka nokkurn áhuga og sjálfur Halldór Laxness tók við hann viðtal fyrir Morgunblaðið árið 1927. Þar sagði:

„Af öllu því merkilega fólki, sem jeg hefi kynst síðustu vikurnar, var mjer einna furðulegast við að kynnast Bill Cody. Hann er heimsfrægasti kúreki (Cowboy). Jeg minnst þess að hafa sjeð hann nokkrum sinnum á ljereftinu með langa keyrið sitt og barðastóra kúfinn, bæði í Evrópu og hjer í Ameríku. Hann er hár og grannur, ljóshærður og drengilegur, og bros hans mjög heillandi.“

Cody tjáði Halldóri að hann hefði kastað sínu íslenska nafni af „verslunarástæðum“, það er til að líkja eftir hinum fræga Buffalo Bill. Hann væri siðprúður og reykti hvorki né drykki. Vinsæll var hann mjög og fékk tugi sendibréfa á degi hverjum, frá öllum heimshornum. Bæði aðdáunarbréf frá strákum sem vildu vera eins og hann og ástarbréf frá stúlkum.

„Talið barst að Íslandi. Cody hefir lagt stund á að kynna sjer bæði fornsögunar og íslenskar þjóðsögur. Einkum er hann hrifinn af þjóðsögum okkar og æfintýrum. Jeg er ákveðinn í því að skreppa til Íslands innan skams, til þess að safna mer efni-viði í nýjar myndir, sagði Cody.“

Cody hafði hins vegar komið áður til Íslands, þegar hann var sjö ára gamall. Þá dvaldi hann á Húsabakka við Sauðárkrók. Þar lærði hann að sitja hest, sem kom sér vel síðar á lífsleiðinni. Hann kunnir þó ekki tungumálið nema eitt orð, harðfiskur.

Launsyni komið í fóstur

Cody var giftur konu að nafni Regina og áttu þau saman tvo syni. Í byggðum Íslendinga í Vesturheimi gekk sá orðrómur að Cody ætti launson, og að sá sonur væri Ronald Reagan. En Cody var vel þekktur á meðal Vestur-Íslendinga. Sögunni fylgdi ekki að Cody hefði átt vin-

gott við Nelle, eiginkonu Jack Reagan heldur að Cody hefði átt soninn með óþekktri konu og komið honum í fóstur til Reagan-hjónanna. Einn af þeim sem hélt þessu fram var Vestur-Íslendingur og ræðismaður að nafni Andrés Oddstad. Árið 1964 sagðist hann hafa vitneskju um þetta og að hann hefði fengið hana beint frá Jack og Nellie Reagan.

Þegar Reagan sjálfur var síðan að hefja sín spor í Hollywood sem leikari snemma á fjórða áratugnum, þá hafi Bill Cody komið honum á framfæri og aðstoðað hann við að fá störf. Líkt og Cody voru fyrstu hlutverk Reagan í vestrum og B-myndum. Kvikmyndaferlar Reagan og Cody voru í raun ekki ósvipaðir.

Lokaðar kirkjubækur

Orðrómurinn barst yfir hafið og til Íslands og var hann reglulega rifjaður upp í dagblöðunum. Sér í lagi í tengslum við leiðtogafund Reagans og Mikhail Gorbachev í Höfða árið 1986. Það ýtti undir kenninguna að kirkjubækur, sem geyma allar upplýsingar um uppruna Bandaríkjaforseta, voru lokaðar samkvæmt fyrirmælum frá forsetaskrifstofunni. Ættfræðingar hafa reynt að komast í þessar upplýsingar en ávallt komið að lokuðum dyrunum. Þar á meðal Jón Gíslason, sagnfræðingur og formaður Ættfræðifélagsins.

Reagan sjálfur hampaði sinni írsku arfleid, enda var það mjög vinsælt. Milljónir Íra fluttu vestur um haf á níttjándu öld og tugir milljóna Bandaríkjamanna geta rakið ættir sínar aftur til eyjunnar grænu. Vestur-Íslendingar eru langtum færrir og búa flestir í Kanada. Þar að auki hefðu upplýsingarnar um að Reagan væri lausaleiks barn ekki fallið vel í kramið hjá kjósendahópi Repúblíkanaflokksins, þar sem hefðbundin fjölskyldugildi ríkja.

Ytra hefur lítið verið fjallað um þennan orðróm og þar almennt viðurkennt að Reagan sé sonur skráðra foreldra sinna. En þegar Reagan tilkynnti um forsetaframboð sitt var lesin upp frétt í útvarpinu þess efnis að hann ætti íslenskan föður. Fljótlega var sú frétt hins vegar dregin til baka. Óvíst er hvort að forsetinn verðandi hafi sjálfur átt þar hlut að máli.

Íslenskur tvíafari


Orðrómurinn um ætterni Reagan fékk byr undir báða vængi þegar grein um íslenskan tvífara hans birtist í DV í október árið 1986. Það var Haukur Matthíasson, lögregluvarðstjóri í Reykjavík, sem um ræddi og líkindin voru hreint lygileg. Haukur sagði sjálfur að fólk sneri sér við á götum úti þegar hann gengi fram hjá, enda hélt það að forsetinn sjálfur væri á ferð.

„Ég neita því ekki, það hefur verið minnst á þetta við mig. Sjálfum finnst mér ég ekkert líkur Bandaríkjaforseta,“ sagði Haukur sem búsettur var í Fossvoginum.

Það er á huldu hvort hægt sé að rekja ættir þeirra Reagan og Hauks saman. En í greininni kom fram að Haukur væri ættadur frá Vestfjörðum en ekki úr Skagafirðinum. Uppalinn á Patreksfirði. ■



Leiðtogafundur í Höfða
Mikhail Gorbachev og Ronald Reagan.



Haukur Matthíasson
Íslenskur tvíafari Ronalds Reagan.

Í byggðum Íslendinga í Vesturheimi gekk sá orðrómur að Cody ætti launson, og að sá sonur væri Ronald Reagan

nettoline



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins



Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is
Mán.-Fös. 09-17

Frederic Pechier Svæfingalæknir í Besancon.

SVÆFINGALÆKNIRINN „ZORRO“

Ákærður fyrir að myrða sjúklinga í þeim tilgangi að endurlífga þá

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Dauðinn kom í sprautu og aðferðin var alltaf sú sama. Sprautunál var notuð til að gera gat á poka sem notaður var til að gefa sjúklingum vökva í æð. Sprautan var síðan notuð til þess að sprauta deyfilyfi eða kalium í pokann, með þeim afleiðingum að upp komu alvarleg vandmál með hjarta sjúklingins á meðan á aðgerðinni stóð, eða jafnvel hjartastopp. Níu sjúklingar létust á þennan hátt í aðgerð á heilsugæslustöð í Besancon í suðausturlhluta Frakklands á árunum 2008 til 2017. Fimmtán þeirra sem eitrad var fyrir lifðu af.

Það óttast það sennilega allir að þeir muni ekki vakna aftur eftir svæfingu. Í Frakklandi er læknir ákærður fyrir að hafa eitrad fyrir sjúklingum sínum 24 sinnum. Lögreglan grunar svæfingarlækninn Frédéric Pechier um að hafa eitrad

fyrir alls 24 sjúklingum og að hafa reynt að myrða vinnufélaga sinn á sama hátt. Hann neitar sök og gengur laus þar til mál hans verður tekið fyrir.

Málið hefur vakið óhug meðal margra Frakka, enda óttast margir að lenda á skurðarborðinu og vakna aldrei aftur. Málið vekur einnig upp spurningar um það hvort maður geti treyst læknum og hjúkrunarfólki í blindni. Hneykslismál sem þetta eru sjaldgæf en koma þó reglulega upp.

Sem dæmi má nefna að landsrétturinn í Oldenburg í Þýskalandi dæmdi fyrir nokkru hinn 42 ára gamla hjúkrunarfræðing, Niels Högel, í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa myrt 85 sjúklinga á árunum 2000 til 2005. Það mál líkist máli hins franska Frédéric Pechier. Högel sprautaði sjúklingana með banvænu efni með þeim afleiðingum að þeir fóru í hjartastopp, að sögn til þess að geta endurlífgað þá. Endurlífgunin tókst þó ekki alltaf.

Í Ohio er læknirinn William Husel sakaður um morð á 25 sjúklingum á sjúkrahúsi í Columbus. Samkvæmt ákærinni drap læknirinn oft alvarlega veika sjúklinga með því að gefa þeim of stóra skammta af verkjarlyfinu fentanyl.

Ekki tilviljun

Breska dagblaðið The Times segir að það sé ekki tilviljun að læknar eða hjúkrunarfræðingar beri ábyrgð á þremur af sex stærstu fjöldamorðum síðari tíma, þar sem einn einstaklingur hefur verið að verki.

Líkt og læknirinn Harold Shipman frá Manchester, sem drap á árunum 1974 til 1998 218 sjúklinga með því að gefa þeim banvæna skammta heróíns, án þess að upp um hann kæmist, líður oft langur tími áður en grunsemdir vakna.

Læknar hafa í starfi sínu aðgang að lyfjum og eiga auðveldara en aðrir með að fela sönnunargögn, einnig eru vinnufélagar oft ekki

„Það óttast það sennilega allir að þeir muni ekki vakna aftur eftir svæfingu.“

viljugir til þess að setja fram ásakanir af ótta við að vera hundsáðir eða útilokaðir.

Saksóknarinn í Besancon í Frakklandi heldur því fram að hinn 47 ára gamli Frédéric Pechier hafi í níu ár haft frjálssar hendur til þess að sinna þessum myrkraverkum.

Grunur beindist að honum í janúar 2017 eftir að óútskýrð hjartavandamál komu upp hjá sjúklingum sem gengust undir aðgerð á einkaheilsugæslunni Saint-Vincent.

Stjórn sjúkrahússins ákvað að fara af stað með rannsókn og grunurinn beindist fljótlega að Frédéric Pechier, sem var ein af stórstjórnnum heilsugæslunnar. Hann fór fyrir líði 10 svæfingarlækna og framkvæmdi sjálfur um 2.000 svæfingar á ári.

Í skýrslu sem gefin var út af heilbrigðisfyrirvöldum á svæðinu var niðurstaðan sú að um viljaverk hefði verið að ræða. Í skýrslunni kom einnig fram að tvö svipuð atvik hefðu komið upp árið 2008. Þetta kom skriði á rannsóknina og læknirinn var í mars 2017, handtekinn í fyrsta sinn og sakaður um að hafa eitrad fyrir sjö sjúklingum. Þetta voru fjórar konur og þrjár karlar á aldrinum 37 til 53 ára og létust tvö þeirra í einföldum aðgerðum.

Stóð til að myrða vinnufélaga?

Eftir þetta hefur fjöldi annarra mála bæst við, eitt þeirra er mál hins fjögurra ára gamla Teddy, sem var lagður inn í febrúar 2016 í kirtlatöku. Hann fór í hjartastopp á meðan á aðgerðinni stóð, hann var endurlífgaður en á í dag við sálræn vandamál að stríða.

Á þessu ári bættust við ákærunum um 17 eitranir til viðbótar, þar af létust sjö. Pechier neitar sök og heldur því fram að þetta sé samsæri vinnufélaganna gegn honum.

Að frátöldu einu tilfelli var aldrei um sjúklinga Pechier sjálfs að ræða. Læknirinn er aftur á móti grunaður um að hafa sprautað banvænum lyfjum í lyfjapoka sjúklinga vinnufélaga sinna. Þegar upp

komu hjartavandamál hjá sjúklingunum hljóp hann til og sýndi hæfileika sína við endurlífgun sjúklinganna.

Samkvæmt saksóknaranum eitrad Pechier fyrir einum sjúklinga sinna, 72 ára gömlum karlmanni, til þess að beina gruninum frá sér. Á þann hátt gat hann haldið því fram að hann væri líka fórnarlamb.

En í öllum 24 tilvikunum var svæfingarlæknirinn sá eini sem var viðstaddur og þegar honum var, í tengslum við rannsóknina, bannað að nálgast sjúkrahúsið hættu eitranirnar.

Meðal vitnanna í máli læknisins er fyrirverandi vinnufélagi hans, hin 64 ára gamla Catherine Nambot. Hún kallaði Pechier einu sinni Zorro, sem elskaði hlutverk sitt sem bjargvættur. En árið 2008 lést einn af sjúklingum Nambot, hann fór í hjartastopp í einfaldri aðgerð. Krufning og blóðprufur leiddu í ljós að sjúklingurinn hafði fengið deyfilyf sem hún notaði aldrei sjálf.

Átta árum síðar var Nambot sjálf í hættu á að verða næsta fórnarlamb. Þegar hún var lögð inn til að fara í einfalda aðgerð á öxl, bað Pechier um að fá að deyfa hana. Vegna mistaka lenti vökvapokinn með eitrunu í vitlausri skurðstofu, þar sem annar sjúklingur, Laurence Nicod, lést af völdum hjartaáfalls sama dag. Samkvæmt þeim sem rannsaka málið leikur enginn vafi á því að vinnufélaginn átti að fá lyfið. Rannsókn á andlegri heilsu læknisins leiddi í ljós að hann er með flókinn persónuleika með perverskar og sjálfsselskar tilhneigingar.

Kona læknisins, Nathalie Pechier, segir við Le Monde að þetta sé algjört bull: „Ég hef þekkt hann í 20 ár og ég veit að hann getur ekki gert neinum mein. Ég vann á geðdeild í sex mánuði áður en ég varð hjartalæknir, ég hef hitt marga sem eru veikir á geði, fólk með geðklofa og aðra geðsjúkdóma. Ég get fullvissað ykkur um að maðurinn minn er alheilbrigður.“ ■

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Allir út að hjóla
með **TUDOR**



Hraðþjónusta
Við mælum rafgeyma og skiptum um

Eitt mesta úrval
landsins í allar gerðir faratækja

Bíldshöfði 12 - skorri.is - 5771515

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



STÆRSTA BARNANÍÐSMÁL ÁSTRALÍU

Tugum drengja bjargað í lögregluáðgerð

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þú ert versta martröð sérhvers barns. Þú ert það sem allir foreldrar hræðast. Þú ert ógn við samfélagið.“ Þetta sagði Liesl Chapman, dómari í Adelaide í Ástralíu nýlega, þegar hún dæmdi hinn 31 árs Ruecha Tokputza í 40 ára fangelsi fyrir gróft kynferðisofbeldi gegn 11 ungum drengjum. Þetta er þyngsti dómur sem kveðinn hefur verið upp í barnaníðsmáli í Ástralíu til þessa.

Tokputz var handtekinn í umfangsmikilli alþjóðlegri lögregluáðgerð á vegum alþjóðalögreglunnar Interpol en áðgerðin gekk undir heitinu Operation Blackwrist. Tokputz er aðeins toppurinn á ísjakanum í þessu umfangsmikla máli sem er stærsta barnaníðsmál sem komið hefur upp í heiminum. Aðeins nokkrir leiðtogar alþjóðlegs barnaníðshrings hafa verið handteknir og dæmdir í því en þeir notuðu hið svokallaða „djúpnet“ til að stunda iðju sína.

Aðalmaðurinn og stjórnandi heimasíðunnar, sem niðingarnir notuðu, var Montri Salangam. Hann var á síðasta ári dæmdur í 146 ára fangelsi í Taílandi fyrir að



Ruecha Tokputza Martröð sérhvers barns.

hafa nauðgað börnum, smygl á fólki og vörslu og dreifingu barnaníðsefnis. Ónafngreindur samverkamaður hans og vinur Tokputza var dæmdur í 36 ára fangelsi.

Interpol skýrði nýlega frá áðgerðinni á heimasíðu sinni en hún hófst í september 2017 þegar Interpol fann heimasíðu á „djúpnetinu“ en það er sá hluti netsins sem er ekki aðgengilegur almennum notendum. Á heimasíðunni sást þegar ungir drengir voru beittir kynferðislegu ofbeldi. Til að öðlast aðgang að heimasíðunni þurftu notend-

ur að hafa sérstakan hugbúnað svo ekki væri hægt að rekja slóð þeirra. Interpol komst að því að 63.000 notendur voru skráðir á heimasíðunni og slóð þeirra var ekki hægt að rekja. Þá höfðu stjórnendur síðunnar hulið andlit drengjanna sem voru misnotaðir og því var ekki hægt að bera kennsl á þá. Á heimasíðunni sást maður með svart armband en þaðan kemur nafngift lögregluáðgerðarinnar, Blackwrist (svart armband), en hún beindist að því að finna stjórnendur síðunnar.



Það var síðan á síðasta ári sem vinna lögreglunnar bar loks árangur en þá tókst tölvusérfræðingum hjá bandarísku leyniþjónustustofnuninni U.S. Department of Homeland Security að brjóta dulkóðun vefsíðunnar og finna IP-tölu hennar og skráningu en hún reyndist skráð í Adelaide. Þá fór málið að rúlla af krafti. Snemma árs voru Montri Salangam og Ruecha Tokputza handteknir. Aðeins hefur verið skýrt frá nöfnum þeirra en Interpol segir að fjöldi manna hafi verið handtekinn í níu ríkjum vegna málsins og að fleiri handtökur verði gerðar. Á sjöunda tug ríkja koma að rannsókn málsins.

Misnotaði frænda sinn

Salangam beitti 11 drengi kynferðislegu ofbeldi, þar á meðal frænda sinn. Það voru myndir af ofbeldinu gegn frændanum sem lögreglumenn Interpol sáu fyrst og ýttu málinu af stað. Salangam lokkaði drengi heim til sín með því að bjóða þeim sælgæti, mat, fótbolta og aðgang að tölvuleikjum á netinu.

Tokputza játaði 50 brot gegn 11 börnum á árunum 2011 til 2018. Yngsta fórnarlambið var aðeins 15 mánaða. Hann var með mörg þúsund barnaklám-sljósmyndir og myndbandsupptökur í tölvunni sinni. Þegar Chapman kvað upp dóm yfir Tokputza sagði hún að hann væri haldinn ranghugmyndum og afbrigðilegri trú á að hann hjálpaði börnunum, að þau væru ánægð með að hann beitti þau kynferðislegu ofbeldi og að þau elskuðu hann.

„Þær mörg hundruð upptökur, sem hann gerði, þegar hann misnotaði börnin sýna aðeins

sársauka, enga ást,“ sagði hún og að hann væri versta martröð sérhvers barns og að samfélaginu stafaði hætta af honum.

„Því miður eru margir eins og þú þarna úti en sem betur fer komst upp um þig.“

Tugum drengja bjargað

Interpol segir að nú þegar hafi 50 drengjum verið bjargað úr viðjum kynferðisofbeldis með áðgerðinni. Enn er verið að reyna að hafa upp á 100 drengjum til viðbótar sem Interpol telur að sæti enn ofbeldi og er verið að reyna að bera kennsl á þá.

Málið er gott dæmi um alþjóðlega samvinnu sem ber árangur. Ólík ríki hafa starfað saman og náð góðum árangri. Til dæmis var það bandarísk leyniþjónustustofnun sem náði að brjótast í gegnum varnarvegg heimasíðunnar eins og fyrr greinir. Það var tölvudeild búlgörsku lögreglunnar sem lokaði netþjónum síðunnar og tölvusérfræðingar lögreglunnar á Nýja-Sjálandi fóru handvirkt í gegnum lista yfir þá tugi þúsunda notenda sem voru skráðir á síðunni.

Interpol hefur gefið sterklega til kynna að margir eigi enn von á óþægilegri upplifun þegar lögreglan sækir þá og færir til yfirheyrslu vegna málsins. Það væri fólk sem hafði talið sig öruggt vegna dulkóðunar á vefsíðunni en hún veitir ekki neina vernd nú. Talsmenn bandarískra yfirvalda hafa sagt að hópur Bandaríkjamanna, úr efri lögum samfélagsins, verði væntanlega færður fyrir dóm á næstunni. Þar í landi hafa margir verið handteknir vegna málsins, þar á meðal fólk sem gegnir opinberum embættum. ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

SAKAMÁL



Sagt er að hinn vallakínski prins, Vlad Tepes, hafi verið fyrirmynd írsku rithöfundarins Bram Stoker að greifanum Drakúla. Tepes varð frægur fyrir það að beita óvægnum aðgerðum gegn andstæðingum sínum, Tyrkjum, og stjaksetja bá í stórum stíl. Sennilegast er þó að hin raunverulega fyrirmynd hafi verið önnur. Elísabet Bathory, 1560-1614, var

SLÁTRARINN

■ Andrei Chikatilo myrti tug stúlkna og kvenna ■ Afbrigðileg kynhvöt

Andrei Chikatilo var kallaður „slátrarin frá Rostov“ og var hann einn afkastamesti raðmorðingi sögunnar. Hann var dæmdur til dauða árið 1992 fyrir 52 morð á konum og stúlkum á öllum aldri. Talið er þó að fórnarlömb hans séu mun fleiri. Andrei var kynferðislega brenglaður og fékk aðeins örvun við það að meiða, drepa og afskræma fórnarlömb sín. Hann náðist í eitt skipti en slapp þá fyrir tilviljun og hélt morðæði sínu áfram. Þegar hann loks náðist, eftir tólf ár, hófust einhver skrautlegustu réttarhöld í sögu Rússlands.

Hungursneyð og stríð

Andrei Romanovich Chikatilo var fæddur árið 1936 í þorpinu Yabluchne í Sovétríkjunum, nú Úkraínu. Í æsku hans geisaði mikil hungursneyð af mannavöldum, eftir misheppnaða landbúnaðartilraun Jósefs Stalín. Milljónir Úkraínnumanna dóu vegna hennar. Fjölskylda Chikatilo var svo illa haldin að þau átu laufblöð og gras

til að reyna að fylla magann. Móðir Andrei sýndi honum mikla hörku og barði hann stöðugt. Sérstaklega eftir að hann meig undir en þau sváfu í sama herbergi.

Stríðsárin og hernám Þjóðverja voru engu skárrí tími í þorpinu þar sem Chikatilo fjölskyldan bjó. Daglega sá Andrei lík á götum úti og varð vitni að nauðgunum hermanna. Þar að auki var faðir hans handtekinn og sendur í þrælunarbúðir. Á meðan var kveikt í húsi fjölskyldunnar.

Afbrigðileg kynhvöt

Andrei sjálfur var afbrigðs námsmaður. Hann var feiminn og fyrir vikið fyrirlitinn af samnemendum sínum og lagður í einelti. Hann þorði lítt að tjá sig, sérstaklega ekki við stúlkur og konur. En hann vissi af gáfum sínum og taldi sjálfan sig æðri öðrum.

Kynferðisleg brenglun einkenndi líf Andrei Chikatilo. Hann leit á kynlíf sem skammarlegan og skítugan hlut en á sama tíma öfundaðist hann út í þá sem áttu

í góðum samböndum við konur. Í þau fáu skipti sem hann sjálfur varð náinn með kvenmanni átti hann erfitt með að fá örvun nema með því að meiða viðkomandi.


Þegar Andrei var aðeins fimmtán ára gamall sást þessi afbrigðilega hegðun hans fyrst. Þá reyndi hann að nauðga ellefu ára gamalli stúlku. Hún slapp í burtu en ótti hennar kveikti í honum.

Áreitti nemendur

Árið 1954 sótti Andrei um að komast í lögfræðinám við Moskvuháskóla og hélt að það yrði létt verk. Hann féll hins vegar á inntökuþrófinu og gekk þess í stað í Rauða herinn. Hann lærði njósni, starfaði fyrir KGB í Berlín og gekk í Kommúnistaflokkinn.

Andrei vildi stofna fjölskyldu og árið 1963 giftist hann ungrri konu að nafni Feodosia Odnacheva. Það var aðeins tveimur vikum eftir að systir hans hafði kynnt þau fyrir hvort öðru. Árið 1965 eignuðust þau dótturina Ludmilu og fjórum árum síðar soninn Yuri. Um

Andrei Chikatilo í stálbúri í réttarhöldunum.



þetta leyti nam hann bókmenntir og gerðist síðar kennari. En nemendurnir sáu hversu veiklundaður maður hann var og hæddu hann stanslaust í skólastofunni. Andrei hafði enga stjórn á nemendum sínum og sjálfsálitinu hrakaði enn frekar.

Hin brenglaða kynhneigð hans komst aftur upp á yfirborðið þegar hann varð uppvís að því að ráðast á fimmtán ára gamlan nemanda og káfa á henni. Skólayfirvöld gerðu hins vegar ekkert í málinu. Seinna sást hann fitla við sig í skólastofunni og njósna um stúlkur á heimavistinni. Eftir margar kvartanir var honum loks gert að segja upp eða verða rekinn úr skólanum. Hann fékk vinnu í öðrum skóla og hélt iðju sinni áfram.

Fyrsta morðið

Árið 1978, þegar Andrei var 42 ára gamall, fannst honum sem dráp væru eina leiðin til þess að hann fengi kynferðislega örvun. Þetta ár tældi hann hina níu ára gömlu Yelenu Zakotnova út í kofa. Hann

reyndi að nauðga henni en gat það ekki. Þess í stað tók hann upp hníf og stakk hana margsinnis og kæfði síðan með höndunum. Andrei kastaði líki Yelenu í nálægt fljót og fannst það tveimur dögum síðar. Blóðslóð lá að vistarverum Andrei og hann var yfirheyrður vegna morðsins.

Andrei var hins vegar ekki ákærður heldur annar maður, Aleksandr Kravchenko, sem hafði áður setið í fangelsi fyrir morð og nauðgun á unglingsstúlku. Kravchenko var fundinn sekur um morðið á Zakotnovu og tekinn af lífi árið 1983. Þetta gaf Andrei innblástur. Hann taldi sig ósnertanlegan og að hann gæti komist upp með fleiri ódæði.

Afskræmingar

Næsta morð framdi hann árið 1981. Þá var hann hættur að kenna og starfaði í stórrí verksmiðju. Hann beið við strætisvagnastöð eftir fórnarlambi og sá hina sautján ára gömlu Larisu Tkachenko koma. Hann bauð

TÖKUM AÐ OKKUR
ALLAR ALMENNAR
FATAVIÐGERÐIR

LOST.IS

Saumastofa
ÍSLANDS

Erum á
Malarhöfða 2
8941825

ungversk aðalskona og fjöldamörðingi sem þekkt var fyrir að baða sig í blóði ungmeyja. Í heimsmetabók Guinness er hún skráð sem afkastamesti kvenfjöldamörðingi sögunnar en óljóst er nákvæmlega hversu marga hún drap. Ljóst er að fórnarlömbin skiptu hundruðum. Sagt var að Elísabet hefði trúað því að blóð óspjallaðra meyja viðhélði unglegu útliti hennar. Að hún gæti lifað að eilífu líkt og vampíra. Stúlkurnar sem urðu henni að brád voru vinnukonur, úr fátækum byggðarlögum nálægt kastala hennar. Kvittur komst á kreik um ódæði hennar og loks fyrirskipaði Matthías II konungur rannsókn. Elísabet var handtekinn og dæmd fyrir morðin. Hún var geymd í einangrunarklefa í kastalanum Cachtice en þjónustufólk hennar sem hafði aðstoðað hana var tekið af lífi.



FRÁ ROSTOV



Lyubov Biryuk Þrettán ára fórnarlamb.



Yelena Zakotvona Fyrsta fórnarlamb Andrei Chikatilo.

„Sjáið þennan einskisverða hlut. Hvað haldið þið að ég geti gert með þessu?“

henni vodka fyrir að koma með sér út í nærliggjandi skóg. Á afviknum stað í skóginum reyndu þau að stunda mök en Andrei var ófær um það. Þá varð Andrei ofbeldisfullur og lamdi hana ítrekað og tróð jarðveg í vit hennar til að stöðva ópin. Því næst kæfði hann hana með höndunum og svívirti líkið og afskræmdi með tönnunum. Larisa fannst skömmu síðar, þakin laufum, og hafði önnur geirvartan verið bitin af. Andrei komst hins vegar aftur upp með morð.

Þriðja morðið framdi hann sumarið 1982, í borginni Rostov. Hann elti þrettán ára gamla stúlku, Lyubov Biryuk, úr búð, rotaði hana, kastaði í skurð og stakk til dauða. Aftur afskræmdi hann líkið og stakk meðal annars úr henni augun. Og aftur komst hann upp með morð.

Ítarleg rannsókn

Nú var ekki aftur snúið. Andrei hélt áfram að drepa og drepa, oftast í borginni Rostov. Börn, ungar stúlkur, eldri konur, vændiskonur. Líkin skildi hann eftir, afskræmd, í skóglendi og í fljótum. Stundum tók hann augun út, stundum opnaði hann kviðinn með hnífi þannig að iðrin ultu út. Rannsakendur stöðu á gati en sáu fljótlega að hér var raðmörðingi á ferð, raðmörðingi með sjúkar hvatir. Lögreglan í Rostov var vanefndum búin til að takast á við verkefnið og því var kallað til teymi frá Moskvu til þess að reyna að finna morðingjann.

Rannsóknin var ítarleg. Svo ítarleg að um eitt þúsund aðrir glæpir upplýstust, þar af 95 morð og hátt í 300 nauðganir.

Þann 13. september árið 1984 var Andrei handtekinn af lögreglumanni í dulbúningi. Andrei hafði þá verið að reyna að tæla

unga stúlku við strætisvagnaskýli. Stór hnífur fannst í skjalatöskunni hans og lögreglan taldi sig hafa fundið raðmörðingjann. Það kom þeim hins vegar að óvörum þegar blóðsýni hans stemmdi ekki við þau sæðissýni sem fundist höfðu á morðvettvangi. Ástæðan fyrir þessu var að Andrei var haldinn mjög sjaldgæfu heilkenni, það er að blóð hans og sæði voru ekki í sama flokki. Slapp hann því við morðákæruna en var dæmdur í fangelsi fyrir þjófnað og sat aðeins þrjá mánuði inni.

Handtaka

Andrei hafði nú hægt um sig þangað til sumarið 1985 þegar morðin hófust á nýjan leik. Þá hafði hann fengið starf í bílaverksmiðju. Andrei varð ávallt færari og færari í að fela slóð sína en það sem hann vissi ekki var að nú var rannsóknarlögreglan að fylgjast með honum. Það var þó ekki fyrir en árið 1990 sem hann loksins náðist.

Í maí það ár myrti Andrei hina 22 ára gömlu Svetlónu Korostik í skógi nálægt lestarstöð. Lögreglumaður kom að honum við brunn þar sem hann var að skola sig. Hann var skítugur og með blóðblett á vanganum. Lík Svetlónu fannst hins vegar ekki fyrir en tveimur vikum síðar. Í nóvember lét lögreglan til skarar skríða og handtók hann.

Skrautleg réttarhöld

Andrei neitaði öllu. Hann var yfirheyrður í marga daga í einangrun en taldi sig klárari en lögreglumennina. Að lokum brotnaði hann í ljósi yfirgnæfandi sannana og játaði á sig 34 morð af þeim 36 sem hann var grunaður um að hafa framið.

Hann varð mjög samvinnuþýður og leiddi lögreglumenn á

alla staðina þar sem hann hafði framið morðin. Hann sýndi þeim nákvæmlega hvernig hann hafði borið sig að við ódæðin og hvað hann hafði gert við líkin á eftir. Síðar í rannsókninni játaði hann á sig 22 morð til viðbótar sem hann var ekki grunaður um.

Andrei var vitaskuld settur í geðrannsókn, var metinn sjúk-

ur og með kvalarlostu en sakhæfur. Hann var ákærður fyrir alls 52 morð á tólf ára tímabili. Þann 14. ágúst árið 1992, þegar Sovétríkin voru að hrynja og liðast í sundur, var Andrei leiddur fyrir rétt. Hundruðir aðstandenda voru í salnum og Andrei var geymdur í búi til að tryggja öryggi hans.

Fólkið óskraði á hann, hrækti og það leið yfir suma. Þetta var stórviðburður og fjölmiðlafár. Hegðun Andrei var mjög brengluð. Hann óskraði, benti, hló og greip fram í. Á einum tímupunkti beraði hann sig, benti á kynfæri sín og sagði: „Sjáið þennan einskis verða hlut. Hvað haldið þið að ég geti gert með þessu?“ Andrei hélt sjálf-

ur varnarræðu sína, tveggja tíma langa. Þar tundaði hann kynferðislegan vanmátt sinn og sagðist ekki hafa viljað drepa neinn.

Þann 15. október árið 1992 var Andrei Chikatilo fundinn sekur um að hafa framið öll 52 morðin. Hann var dæmdur til dauða og 86 ára fangelsisdóm að auki. Hann sparkaði í bekkinn sinn og óskraði þegar dómsorðin voru lesin upp.

Þann 14. febrúar árið 1994 var dóminum fullnægt. Hann var leiddur úr fangaklefa sínum á dauðadeildinni inn í hljóðeinangrað herbergi. Þar var hann skotinn með einni kúlu aftan við hægri eyrað. ■

12 einhleypir og eftirsóttir

Það er engin frétt að íslenskir karlmenn eru fram úr hófi fríðir, skemmtilegir og hæfileikaríkir. Það er engin ástæða að leita langt yfir skammt vilji maður kynnast einhleypum karlmanni, því nóg úrval er af íslensku víkingunum.

Fókus leitaði til nokkurra álitsgjafa kvenþjóðarinnar um hvaða karlmenn ættu heima á listanum og kom fjöldi nafna upp. Þessir 12 eiga það sammerkt að vera einhleypir, menn sem eru hæfileikaríkir hver á sínu sviði, en misáberandi og misþekktir.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Gunnþór Sigurðsson 58 ára

Gunnþór er bassaleikari pönkbandsins Q4U, einn harðasti KR-ingur sem landið hefur alið og starfsmaður Pönksafnsins í Bankastræti 0, þar sem hann miðlar fróðleik til erlendra sem innlendra gesta.



Örvar Helgason 44 ára

Fulltrúi sjómannaáttarinnar er þessi skemmtilegi hafnfirski stuðbolti, sem er ófeiminn við að fækka fötum fyrir myndavélarnar. Örvar er jafn handlaginn á láði og legi, netið á sjó og hamarinn í Hafnarfirði, en honum fellur aldrei verk úr hendi þó hann sé í fri frá togaranum.




Kolbeinn Óttarsson Proppé 46 ára

Kolbeinn situr á þingi fyrir Vinstrihreyfinguna-grænt framboð, sagn- og íslenskufræðingur með einlægum áhuga á mönnum, málefnum og stjórnmálum. Utan þings grípur Kolbeinn í gítar sem hljómborð, auk þess að vera mikill náttúruvinnandi og dýravinnur.



Manu Bennett 49 ára

Nýsjálenski maórin og leikarinn er heillaður af Íslandi og dvelur hér löngum stundum. Hann má oft sjá á kaffihúsi í miðborginni þar sem hann skrifar handrit að kvikmynd byggðri á sögunni um Axlar-Björn. Hann er forvitinn um menn og málefni og uppfullur af sögum og fróðleik, enda víðlesinn um fjölda þjóða.



Bjarni er lengst til hægri á myndinni



Bjarni Jónhann Þórðarson 47 ára

Bjarni er hávaxinn herramaður með græna fingur enda eigandi garðvinnufyrirtækisins Garðar best. Sálaraðdáandi og tennisleikari sem fer létt með að glæða gleði hvert sem hann fer.



Birkir Bjarnason 31 árs

Birkir er leikmaður íslenska landliðsins í fótbolta og Aston Villa, ljóshærður og litfríður og heillar innan sem utan vallar. Oft nefndur „þessi með fallega hárið“.



Páll Óskar Hjálmtýsson 49 ára

Þjóðargersemi og einn vinsælasti „performer“ landsins. Ljúfur, myndarlegur, hæfileikaríkur, með gríðarlegan áhuga á „splatter“ kvikmyndum og því góða sem lífið hefur upp á að bjóða. Þú ættir annað líf, betra líf með Palla þér við hlið.



Sigurður Þorri Gunnarsson 30 ára

Siggi Gunnars útvarpsmaður er einn sá skemmtilegasti sem fyrirfinnst. Yndislegur gleði- og orkubangsi, sem kennir troðfulla spinningstíma milli þess sem hann stjórnar þáttum í útvarpi og ferðast til útlanda, helst sólarlanda eins og borgarinnar Sitges.



Stefán Máni Sigþórsson 49 ára

Einn sá allra besta á ritvellingum, dökkur og drungalegur yfirlitum með fullt af flúrum, en ljúfur og næs strákur. Stefán færir létt með að skrifa og lesa sögur fyrir þig.



Björn Boði Björnsson 20 ára

Erfingi World Class starfar í fjölskyldufyrirtækinu, og nýtur þess að ferðast og njóta lífsins. Hann hefur áhuga á heilsu og tónlist og hefur meðal annars farið á Coachella síðastliðinn tvö ár.



Pétur Örn Guðmundsson 47 ára

Pétur er skemmtikraftur af guðs náð, eins og sjá má á snappinu hans Gamedlan, þar sem hann gantast með daglega lífið og starfið. Tónlistarmaður og leikari, ljúfur og skemmtilegur kattavinur og nörd með gríðarlegan áhuga á Star Wars og því tilvalið að ræða myndabákkinn saman.

Guðmundur Fylkisson 53 ára

Gummi er laganna vörður, einstaklega fær í sínu starfi og virtur bæði af félögum og þjóðinni. Ljúfur og skemmtilegur bangsi, sem þykir vænt um menn sem og málleysingja, en hann sér um Project Henry, verkefni sem annast fugla í Læknum í Hafnarfirði.





Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.




TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS

Helgarkrossgátan



Teikning: Hallór Andri eftirprentun bönnað	↓	ílátin	kona	glíma	þvaður	jökull		fugl	5	vinnu- samur	
	→								2		
	↓		óskipta 3 eins					grimmd	mann		
starfaði		9				misræmið					
aftur				óbreytt smyrja	1			kusk		klipptur	
nef						vælir					
		nægar	grastopp glepjur				8	lirfu	romsum	7	
elska						erilinn		féfleiti			
sansa				endir og upphaf freri				þraut til			
	↘								2 eins listamann		
göngulagið							6	dýrahljóð fiskiskip			
púki				nánast truffa						dúkka	
	vanka	sefa bílfærar				kækur		einnig skálm		sáðland	
vagga			röð	3	rær sólguð						
fésugurnar							4		kvendýr		
skjóðan								lituð			
nabbi						brambolti			sólguð		

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

9		2	4					6
				9	6		4	
4		6			5		9	1
	9	4	8		1		7	
	8			2		1		9
6			7			8		
	6		9	4	8		3	5
	2	9					6	
8				6			1	

Erfið

		4		3	2			
	5		7			1	9	
			1		5			4
2								
	7	6					3	
		1	5			9		
	8					2		
9		3	6					
			4					8

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Þorfinnur Finnsson

Ástúni 2

200Kópavogi

Lausnarorðið var **STÝRIMAÐUR**

Þorfinnur hlýtur að launum bókina Múttan



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið

Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið er sjálfstætt framhald af hinni geysivinsælu bók Gamlinginn sem skreiddi út um gluggann og hvarf.

Allan Karlsson dvelur á Balí með Julíusi vini sínum sem býður honum í skemmtiferð í loftbelg á hundrað og eins árs afmælisdaginn. Sú ferð á bara að taka dagsstund en fyrr en varir er gamli maðurinn orðinn heimspektur kjarnorkuvopnasérfræðingur í þjónustu Kims Jong-un, leiðtoga Norður-Kóreu.

Og það er bara byrjunin, áður en yfir lýkur hefur hann haldið fundi bæði með Donald Trump og Angelu Merkel og austur í Rússlandi fylgist Vladimir Pútín agndofa með afrekum hans!

Höfundur: Jonas Jonasson, Nanna B. Þórsdóttir þýddi

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



My/Senso

Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á [facebook](https://www.facebook.com/rbrum)

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað.

„Ég er þung og mikil en ég er fullkomlega heilsuhraust“

Ragnheiður Ósk er sterkasta kona Íslands - Lætur gagnrýni um holdarfar sitt ekki hafa áhrif á sig

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Ragnheiður Ósk Jónasdóttir aflraunakona hefur heillast af því að vera sterk frá unga aldri. Þegar hún var orðin eldri rakst hún á viðtal við sterkustu konu Íslands þar sem einnig var verið að sýna frá keppninni. Það var á þá sem Ragnheiður átt- aði sig á því að þetta sport væri eitthvað fyrir hana. Það var þó ekki fyrr en nokkrum árum síðar sem hún tók þátt í sínu fyrsta móti þar sem hún lenti í 9. sæti af 14. Segir Ragnheiður þá keppni hafa markað tímamót í lífi hennar og eftir það varð ekki aftur snúið.

Í dag ber Ragnheiður titilinn Sterkasta kona Íslands og æfir hún aflraunir af kappi auk þess að stunda kraftlyftingar. Ragnheiður ræddi við blaðamann um lífið sem kona í aflraunum, hvað íþróttin hefur gert fyrir hana og þá fordóma og gagnrýni sem konur í kraftsporti hafa þurft að mæta.

Hafði aldrei æft kraftasport

„Ég man að í viðtalinu sem ég sá var sýnt frá mótinu og ég hugsaði hvað ég væri mikið til í að gera einmitt þetta. Sportið var mjög spennandi og ég vissi strax að ég hefði gaman af því. Það að sjá konur líka stunda þetta en ekki bara karlmenn var æðislegt, en það var ekki fyrr en mörgum árum seinna sem ég tók þátt. Þá sá ég auglýst eftir þátttöku í Sterkustu konu Íslands og á þeim tíma hafði ég ekki æft neitt kraftasport en var byrjuð að taka mig á í ræktinni eftir barnsburð. Ég ákvað í algjöru flippi að láta vaða og eftir það varð ekki aftur snúið,“ segir Ragnheiður.

Ragnheiður er í dag tuttugu og átta ára gömul, búsett í Hafnarfirði ásamt unnusta sínum og fjögurra ára gömlum syni þeirra. Ragnheiður æfir aflraunir að minnsta kosti fimm sinum í viku og stundum oftar. Segir hún muninn á kraftlyftingum og aflraunum oft vera misskilinn meðal fólks og þrátt fyrir að hún stundi gjarnan báðar íþróttirnar þá séu aflraunir hennar sterkasta hlið.

„Aflraunir snúast um að vera sterkust eða sterkastur og að koma hlutum frá A til B. Kraftlyftingar snúast hins vegar um þrjár stórar og tæknilegar lyftur, bæði flokkast þetta þó undir kraftasport. Æfingar mínar er rosalega fjölbreyttar en í grunninn geri ég styrktaræfingar ásamt tæknilegum lyftum.“

Ótrúleg upplifun að sigra

Segir Ragnheiður aflraunirnar gera mikið fyrir sig bæði andlega og líkamlega.

„Maður setur sér markmið og vinnur eins og maður getur til þess að ná þeim, síðan uppsker maður. Þetta hefur hjálpað mér að sjá hvers ég er megnug og hefur það komið sjálfstrausti mínu á þann stað að í dag veit ég hver ég er og hvað ég hef að bjóða.“

Á síðasta ári tók Ragnheiður þátt í keppninni um titilinn Sterkasta kona Íslands í fjórða skiptið og bar hún þá sigur úr bítum í fyrsta sinn síðan hún hóf að taka þátt.

„Fólk á að geta verið til án þess að ókunnugir skipti sér af heilsu þeirra“



MYNDI: DV/EYÞÓR



Karen Skallvoll

„Ég ber titilinn fram að næsta móti sem verður haldið 27. júlí næstkomandi. Þá kemur í ljós hvort ég haldi honum eða hvort önnur kona sigri og taki hann. Það var ótrúlegt að sigra þessa keppni. Ég var svo glöð að öll vinnan sem ég hafði lagt á mig skilaði sér.“

Konur eiga bara að vera sætar og sexí

Aðspurð út í fordóma eða gagnrýni á konur í íþrótt sem lengi hefur verið kennd við karlmenn segist Ragnheiður ekki beint hafa fundið fyrir því persónulega en að mjög augljóst sé að viðhorf margra sé enn úrelt.

„Konur eiga bara að vera sætar og sexí á brennslutækjunum. Það er ekkert að því ef að konum finnst skemmtilegt að æfa svoleiðis, alveg alls ekki en þessi forræðishyggja varðandi það að allar konur skuli vera eins, og það að konur eigi ekki að vera stórbyggðar eða sterkar er mikil. Maður sér gagnrýni á miðlum, í samfélaginu og úti í heimi.“

Telur Ragnheiður tímana sem betur fer vera að breytast en viðurkennir að hlutirnir gerist ekki nema að konur sjálfar breyti þeim.

„We are the change, eins og ein góð vinkona mín segir. Ég reyni mitt



besta til að fá fleiri tækifæri fyrir okkur konurnar að koma sportinu á framfæri og ég sé að fleiri konur eru að bætast við. Það er svo æðislegt að kynnast þeim konum sem taka þátt og það er svo góður andi á milli allra. Það besta í þessu er að við hvetjum allar hvor aðra sama þótt við séum andstæðingar. Maður vonar alltaf að hinum takist það sem þær eru að gera. Smátt og smátt er viðhorfið að breytast.“

Sagt að hún ætti að grenna sig

Á dögunum fékk Ragnheiður gagnrýni á holdarfarar sítt þar sem henni var tjáð að hún væri slæm fyrirmynd og að hún ætti að grenna sig.

„Fyrir ári síðan hefði ég tekið þessu illa og farið í vörn, en í dag veit ég hver ég er og ég læt ekki fólk með sínar skoðanir á mér hafa áhrif á mig. Ég er þung og mikil en ég er fullkomlega heilsuhraust fyrir utan smá bakverki sem ég er löngu orðin von enda glímt við þá síðan ég var krakki. Ég borða í takt við það sem ég er að gera og er með þjálfara sem mælir mig og tekur stöðuna á mér. Blóðþrýstingur og almenn heilsa hefur alltaf verið tipp topp og bara til þess að koma með dæmi, til þess að sýna fólki að kílóafjöldi eða stærð segi ekki neitt til um heilsu

Fimm fyrirmyndir Ragnheiðar:

Jón Páll Sigmarsson:

Karakterinn og manneskjan sem hann hafði að geyma var æðisleg og það er það sem hann er þekktastur fyrir í aflraunaheiminum fyrir utan styrkinn auðvitað.

Lilja B. Jónsdóttir:

Hún er hörkudugleg, jákvæð og góð manneskja út í eitt. Hún er mín fyrsta fyrirmynd í aflraunum kvenna á Íslandi.

Donna Moore:

Hún er bara svo flott og hrikaleg. Enda sterkasta kona heims!

Karen Skallvoll:

Ég kynntist henni árið 2017 þar sem við kepptum á sama móti en hún í flokki fatlaðra. Hún er með lungnasjúkdóm sem mun einn daginn draga hana niður sex fetin en hún lætur það ekki stoppa sig í því að gera það sem hún vill og elskar. Hún er einstök og hún á hjarta mitt.

Ellen Lind Ísaksdóttir:

Hún er besta vinkona mín, er með sinn eigin rekstur og er hörkudugleg að æfa og keppa með mér. Svo er hún líka æðisleg góð manneskja.

manneskjunnar eða það hvernig hún er byggð að innan, þá er ég 130 kíló en af þeim eru aðeins 35 kíló fita.

Það að horfa á einhvern einstakling gerir fólk ekki að heilsufarslöggu og það að þykjast hafa „áhyggjur“ af heilsu fólks er bara til þess að fela fitu- og líkamsfordóma. Fólk á að geta verið til án þess að ókunnugir skipti sér af heilsu þeirra, vitandi ekkert um lífshætti manneskjunnar. Við eigum öll skilið að vera til og vera hamingjusöm í okkar skinni. Við deyjum jú öll á endanum og ég ætla ekki að vera gellan sem allir muna eftir af því að hún var vel vaxin, sæt og fín fyrir samfélagið. Nei, fólk man eftir okkur vegna þess sem við gerum í lífinu, hvernig manneskjur við erum að innan og hvernig við komum fram við aðra. Ég ætla því ekki að láta svona skoðanir hafa áhrif á mig. „You do you,“ og ég reyni mitt besta að bera boðskap þess að elska sjálfan sig og hugsa vel um sig.“

Ætlar að reyna að verja titilinn

Þann 17. júní síðastliðinn tók Ragnheiður þátt í keppni sem heitir Stálkonan og landaði hún þriðja sætinu í þeirri keppni.

„Stigin skiptust rosalega jafnt á milli okkar allt mótið en ég endaði í þriðja sæti. Þetta var sjúklega skemmtilegur dagur og því líka blíðan sem við fengum. Það var líka rosalega mikið af fólki að horfa og góð stemning. Ég tek næst þátt í mótinu Valkyrja og Víkingur Hornafjarðar sem haldin verður á Humarhátíðinni á Höfn og svo mun ég reyna að verja titilinn um Sterkustu konu Íslands þann 27. júlí. Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri og ég hvet konur sem hafa áhuga á svona sporti að láta vaða og prófa. Hugsið vel um ykkur og gerið það sem þið viljið, ekki leyfa skoðunum annarra hafa áhrif á ykkur hamingju. Ef ykkur vantar stuðning til þess að byrja þá er ég, ásamt fleiri konum, alltaf til í að hjálpa öðrum að komast af stað.“

Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.
Hver standur er fyrir 2-3 hjól.
Vönduð evrópsk framleiðsla.



*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI
- MIKIL ÞEKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*



**Toppogar á margar
gerðir bíla.**

**Farangursbox á allar gerðir bíla.
Stærðir 360 - 550 lítra
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

**Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is**



**Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.
Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.
Ásetning á staðnum.**



YFIRHEYRSLAN

Lexi er 24 ára rappari úr Vesturbænum í Reykjavík og þekktur sem meistari í lífinu – en einnig undir listamannsnafninu Drengur. Hann hefur nýlega fengið meiri og meiri athygli innan reykvískis tónlistarlífs, er nýkominn frá Berlín úr landvinningum og útrás og kemur fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice sunndaginn 23. júní. Hann hefur nú þegar gefið út 2 plötur: „Tæpur Ungur Drengur“ og „Tengdur Drengur“ sem eru á Spotify núna og er með tvær plötur á leiðinni sem er mixtapeið „Kútarnir mínir“ og stúdíóplatan „Ekki lengur Drengur“.

Hjúskaparstaða og börn?

Ég á 2 kúta, kæró og hvutta.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst krakki?

Leeeeeexxxxx!

Skemmtilegast að gera?

Vera ég!

En leiddinlegast?

Ímynda mér að það sé leiddinlegt að vera einhver annar.

Býrðu yfir einhverjum leyndum hæfileikum?

Ég er alltaf bestur.

Versta ráð sem þú hefur fengið?

Frá sjálfum mér eða öðrum?

Hver er fyrsta minningin þín?

Óljós.

Hvað er það erfiðasta sem þú hefur gert?

Að grafa bróður minn.

En mest gefandi?

Herkúles Kútur Kútason voffinn minn.

Hver myndi skrifa ævisögu þína?

Ég. Hver annar?

Hefur þú fallið á prófi?

Fékk gráðu þótt ég mætti ekki í próf.

Uppáhaldshljómsveit og af hverju?

Drengur vegna þess að hann er Tengdur.

Stærsta stund þín í lífinu?

Ég ætla að vona að hún sé ekki kominn ennþá.

Ertu trúður eða trúir þú á æðri mátt?

Ég hugsá ekki.

Mannkostir þínir?

Ég skokka hratt og er rosa röskur.

En lestir?

Ég er mínir eigin lestir.

Skrýtnasta lífsreynslan í tónlistarbransanum?

Að hitta Martein BNGRBOY, vera plataður í að rappa og allt sem er í gangi núna.

Eitthvað að lokum?

Vinum í bænum langt eftir lokun.



MYND: DV/EYÞÓR



Réttlætisgyðjan heillar rapparann

Rapparin Herra Hnetusmjör bætti glænýju húðflúri í safnið í vikunni hjá húðflúrmeistararum Chip Baskin á stofunni Reykjavík Ink. Rapparin valdi sér táknrænt flúr af Lady Justice, eða réttlætisgyðjunni, á vinstri handlegg, en auk þess að vera notað yfir kvenkyns dómara í Bandaríkjunum, er gyðjan sterkt tákn réttlætis. Styttur af réttlætisgyðjunni er að finna fyrir utan fjölmörg dómshús víðs vegar um heim, þar á meðal hæstaréttinn í Kanada og við inngang hæstaréttarins í Róm á Ítalíu. Þá er gyðjan vinsælt viðfangsefni í myndlist og dægurmenningu og prýddi til að mynda plötu-

umslag And Justice For All með Metallica.

Ýmsar útgáfur eru til af gyðjunni en herrann ákvað að fá sér gyðjuna þar sem hún heldur bæði á sverði og vog með bundið fyrir augun. Allir eiga að vera jafnir fyrir lögum og því á gyðjan ekki að sjá neitt, sverðið táknar hefnd réttlætis og vogin táknar að allir eiga að fá það sem þeir eiga skilið, hvorki minna né meira. Réttlætisgyðjan bætist í hóp fjölmargra húðflúra rapparans, en hann er til að mynda með hjarta og áletrunina Mamma á hægri framhandlegg, pósnúmerið 203 við hægri úlnlið og einkennisorð sín Kóp Boi yfir sig miðjan.

Sendir Whoopi Goldberg tóninn

Aktivistinn og rithöfundurinn Þórdís Elva Þorvaldsdóttir lætur leikkonuna Whoopi Goldberg heyrja það í sögu sinni á Instagram, eftir ummæli þeirrar síðarnefndu um leikkonuna Bellu Thorne eftir að óprúttinn aðili hótaði að leka nektarmyndum af henni á netið. Whoopi sagði það Bellu sjálfri að kenna að hakkari hafi nælt í myndir af henni og smánaði hana fyrir að taka af sér nektarmyndir. Þórdís Elva hefur barist ö-

ullega fyrir þolendur kynferðisbrota og segir ummæli Whoopi líkt og að segja við fórnarlamb nauðgunar að það hefði ekki átt að vera í svo stuttu pilsí. Þórdís Elva segist standa með Bellu og að skömmin sé ekki hennar.

„Þú gerðir ekkert rangt. Þú og konur um allan heim mega taka myndir af líkama sínum á hvern þann hátt sem þeim sýnist og senda til þeirra sem þær vilja svo lengi sem það er samþykkt af báðum aðilum. Og Whoopi má fokka sér.“



**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR**
WWW.CASTELLO.IS

Castello

PIZZERIA

**DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI**



Firmavörn+ slær í gegn hjá fyrirtækjæigendum

Við byrjuðum að bjóða Firmavörn+ fyrir ríflega ári og viðtökurnar hafa satt að segja verið frábærar," segir Elsa Einarsdóttir, sölustjóri Securitas, um leið og hún opnar appið sem fylgir þjónustunni til að sýna okkur helstu nýjungarnar og virknina. „Snjalltækjavæðingin, kröftugir innviðir og hröð þróun öryggisstaðla hjá okkur og samstarfsaðilum okkar gera okkur kleift að bjóða fyrirtækjum af öllum stærðum upp á hluti sem fyrir fáeinum árum sáust aðeins í Bond-myndum og voru kannski bara á færi stórfyrirtækja að setja upp og nýta."

Auðveld yfirsýn

„Hjartað í Firmavörn+ er app og hugbúnaður frá Alarm.com sem er eitt fremsta og öruggasta fyrirtæki heims á þessu sviði og þjónar milljónum notenda um allan heim," segir Elsa. Appið og stjórnborð Firmavörn+ gefur yfirsýn yfir allt það sem tengist kerfinu, bæði skynjara, myndavélar og stjórnþúnað tækja. „Sjáðu," segir Elsa og sýnir okkur skjáinn með Östjórnborðinu, „hér sé ég að bakdyrnar eru lokaðar og læstar og hér sést að þær voru opnaðar síðast klukkan tíu mínútur yfir ellefu í morgun. Svo getum við litið inn hjá sölueldinni með því að smella á myndavélina hér og séð hvað er í gangi. Og ef við værum veitingastaður eða matvælaþyrirtæki þá gætum við skoðað hitastigið í kælnum eða frystiklefanum og hvort ofninn er nokkuð að ofhitna. Þetta er hægt að gera hvar sem stjórnandinn er staddur og hefur það augljósa kosti þegar um er að ræða fyrirtæki með fleiri en eina starfsstöð, til dæmis. Og í Firmavörn+ er hægt að fá margvíslegar skýrslur og yfirlit úr kerfinu sem geta auðveldað viðhald verkferla og hjálpað til við að lækka rekstrarkostnað."

Öryggi á heimsmælikvarða

Þegar Elsa sýnir okkur rauntíma-spilun úr myndavélum úr næsta rými í fyrirtækinu vakna auðvitað spurningar um öryggi þessara upplýsinga. Getur ekki hver sem er hakkað sig inn í þetta? „Nei, það er af og frá," segir Elsa. „Öll gögn sem fara

á milli í kerfinu eru dulkóðuð og eins örugg og hugsast getur í þjónustu af þessu tagi. Við heyrum stundum af fólki sem kaupir sér myndavél á netinu, tengir hana og hleður niður hugbúnaði sem er langt frá því að vera læstur á neinn hátt. Það fólk gæti allt eins búið í glerhúsi eða sent út beint í opinni dagskrá á netinu. Öryggisstaðlar Alarm.com eru með því strangasta sem gerist og mikill munur á þeim og því sem fylgir með ódýrasta búnaðinum á Alibaba." Elsa bætir svo við að kerfið sé alger bylting í aðgengismálum, því auðvelt sé að stofna nýja notendur og klæðskerasauma hvaða rýmum þeir hafi aðgang að og á hvaða tíma sólarhringsins. Eins er auðvelt að láta starfsfólk sem hættir hjá fyrirtækinu „skila lykklunum" með því að loka á aðgang þeirra með fáeinum smellum í stjórnborðinu.

Sameinar öryggi og þægindi

Það hafa orðið miklar breytingar á öryggisþjónustu undanfarin misseri með tilkomu Firmavörn+ og einstaklingsþjónustunum Heimavörn+ og Sumarhúsavörn+. Elsa leggur áherslu á að app og stjórnborð á netinu sé frábær viðbót við hefðbundna öryggisþjónustu, en komi ekki í staðinn fyrir hana.

„Virðið fyrir viðskiptavinum okkar er bæði haggræðið og yfirsýnin sem fæst með Firmavörn+ og svo auðvitað þjónustan og öryggið sem stjórnstöð Securitas veitir og þangað berast líka öll boð um frávík. Ef stjórnandi fyrirtækis fær boð frá kerfinu um að gluggi sé opinn þá getur hann stoppað útkall öryggisvarða og lokað glugganum sjálfur. En í þeim tilvikum sem eitthvað alvarlegra er á ferðinni virkjast viðbragðsátak Securitas og öryggisbilar fara á vettvang samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferlum. Það gerir litið gagn að geta séð það alla leið frá Tenerife að vatnslögnin fór í sundur á lagernum í Kópavogi ef enginn er til að fara strax á staðinn og forða tjóni," segir Elsa og okkur er ekki alveg ljóst hvort hún er að gera að gamni sínu eða hvort þetta hefur gerst í alvörunni. En það er ljóst að betra er að taka enga áhættu. ■





Lítt þekkt ættartengsl: Rapparinn og stjörnutálgarinn

Tónlistarmanninn og leikstjórann Ágúst Bent Sigbertsson þarf vart að kynna, en hann sló fyrst í gegn á Íslandi í hljómsveitinni XXX Rottweiler-hundar upp úr aldamótunum síðustu. Undanfarin ár hefur hann einnig gert garðinn frægan í sjónvarpsheiminum og lék til að mynda í Ófærð og leikstýrði Steypustöðinni auk þess sem hann vann náið með Steinda Jr. þegar hann var með sína eigin grínþætti. Ágúst er litli bróðir stjörnutálgarans Svövu Sigbertsdóttur sem hefur verið búsett í Bretlandi síðan árið 2004. Svava hefur lagt hart að sér síðustu ár til að koma þjálfunaraðferð sinni The Viking Method á framfæri. Hún gaf nýverið út sína fyrstu bók um aðferðina og þjálfar stórstjörmur á borð við söngkon-



una Nicole Scherzinger og Amöndu Holden, dómara í hæfileikaþættinum Britain's Got Talent.



Hleypur 12 kílómetra hvert kvöld

Nýlega var næsta leikár Borgarleikhússins kynnt og kennir þar ýmissa grasa. Meðal sýninga sem settar verða upp er Ég hleyp, sem er úr smíðju danska leikskáldsins Line Mørkeby. Verkið fjallar um mann sem byrjar að hlaupa eftir barnsmíssi og höndlar þannig sorgina sem fylgir þessum harmleik. Um einleik er að ræða og fer leikarinn Gísli Örn Garðarsson með hlutverk mannsins, en tekjur hans af sýningunni renna til samtakanna Nýrrar Dögunar, Bergsins, Ljónshjarta og Dropans. Á vef Borgarleikhússins kemur fram að Gísli sé algjörlega óvanur hlaupari og finnst fátt leiðinlegra eða erfiðara. Það mun líklega breytast í æfingaférlinu því Gísla reiknast til að hann hlaupi tíu til tólf kílómetra á hverri einustu sýningu.

Illskeytt innflutningsgjöf

Tónlistarkonan Pórunn Antonía Magnúsdóttir er flutt í einbýlishús í Hveragerði, en Pórunn leyfði fylgjendum sínum á Instagram að fylgjast vel með flutningunum um síðustu helgi. Pórunn hefur síðustu ár hreiðrað um sig í snoturri íbúð í miðbæ Reykjavíkur en er þó ekki ókunnug í Hveragerði þar sem faðir hennar, tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson og eiginkona hans Jenný Borgedóttir leikskólakennari, hafa búið sér til fallett heimili þar undanfarin ár. Pórunn er gengin 33 vikur með sitt annað barn og náði að koma sér fyrir í húsinu í Hveragerði á met tíma. Hins vegar fékk Pórunn frekar kuldalega innflutningsgjöf þegar hún var búin að hreiðra um sig í blóma-bænum. Plágan sem hefur breitt úr sér í Hveragerði, sjálfstúdí margfræga, tók á móti Pórunni og lét til skarar skríða með tilheyrandi bitum, kláða og óþægindum. Var Pórunn svo illa farin af bitum að hún þurfti að

leita sér lækniþjónustu seint um kvöld í hinum nýja heimabæ sínum til að fá bót sinna meina. Pórunn náði sér samt fljótlega aftur á strik og hélt kyrru fyrir í kjölfar lækniheimsóknarinnar. Alþekkt er að óléttar konur eigi að forðast sterk lyf og því vont að lenda í þessum vágesti svo seint á meðgöngunni.

Lúsmýið, þessar örsmáu flugur sem bita allt sem fyrirfinnst, virðast einkar hrifnar af tónlistarmönnum. Áður hafa verið sagðar af því fréttir að tónlistarmennirnir Karl Tómasson og Bubbi Morthens, sem búa báðir við Meðafellsvatn, hafi kvartað undan bitum flugunnar. Stóra spurning er þá: Hvaða tónlistarmaður verður næst fyrir barðinu á lúsmýinu ógurlega?



dk Pos afgreiðslukerfi fyrir verslun og þjónustu

Afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslukerfi

Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu. Við erum sérfræðingar í afgreiðslukerfum.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

